

DEIGLA

# SÍNUM AUGUM LÍTUR HVER Á SILFRÍÐ

Búsetuskilyrði og blæbrigði þeirra í hugum íbúanna

Vífill Karlsson

Sigurborg Kr. Hannesdóttir

*Deigla: Rit atvinnuþróunarfélaganna, Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna*

Nr. 3 2021

Desember 2021

ISSN 2672-6459



SSV



# E F N I S Y F I R L I T

---

Myndir .....	3
Töflur.....	3
Ágrip.....	4
1 Yfirlit, samantekt og áhugaverðir punktar.....	5
2 Inngangur .....	7
3 Fyrri rannsóknir .....	10
4 Viðfangsefnið.....	14
5 Gögn og aðferðir.....	15
5.1 Megindleg gögn og aðferðir .....	15
5.2 Eigindleg gögn og aðferðir .....	19
6 Niðurstöður.....	21
6.1 Íbúakönnun landshlutanna.....	21
6.2 Skilaboð frá íbúáþingum.....	25
7 Umræða og vangaveltur .....	29
8 Niðurstöður og stefna stjórnvalda .....	31
9 Samantekt.....	33
10 Viðauki .....	34
10.1 Búsetuskilyrðin 40 .....	34
10.2 Landsvæði skilgreind .....	35
10.3 Niðurstöður aðhvarfsgreininga .....	36
11 Heimildaskrá .....	38

## MYNDIR

---

Mynd 2.1 Íbúaþróun á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Suðurlandi og S-Vesturlandi 1911-2020.....	7
Mynd 3.1 Þarfapýramídi Maslow.....	13
Mynd 5.1 Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – náttúra.....	16
Mynd 6.1 Stuðlar mikilvægis þátta og fjarlægðar frá Reykjavík.....	21
Mynd 6.2 T-gildi mikilvægis þátta og fjarlægðar frá Reykjavík.....	24

## TÖFLUR

---

Tafla 4.1 Fjöldi bæja og þorpa eftir stærðarflokkum og landshlutum í janúar 2019.....	14
Tafla 4.2 Fjöldi bæja og þorpa eftir stærðarflokkum og landshlutum í janúar 2011.....	14
Tafla 4.3 Fjöldi dreifbýlissamfélaga eftir stærðarflokkum og landshlutum í janúar 2019.....	14
Tafla 5.1 Lýsandi tölfræði og yfirlit lýðfræðilegra breyta.....	17
Tafla 5.2 Lýsandi tölfræði og yfirlit búsetuskilyrðanna.....	18
Tafla 6.1 Niðurstöður aðhvarfsgreininga gangvart íbúafjölda/mannfjölda.....	22
Tafla 6.2 Umhverfismál samkvæmt forgangsröðun á íbúáþingum.....	27
Tafla 10.1 Merkingar á þáttum í myndum 5-14 og skilgreining þeirra.....	34
Tafla 10.2 Skilgreiningar landsvæða m.t.t. sveitarfélaga og landshluta.....	35
Tafla 10.3 Niðurstöður aðhvarfsgreininga.....	36

## ÁGRIP

---

Hluti íbúa á Íslandi býr á fámennum og einangruðum stöðum og þeir eru þó nokkrir. Þetta eru bæði sveitasamfélög og sjávarbyggðir. Þeir sem búa annars staðar, einkum á stærri stöðum og á stöðum sem notið hafa meiri velgengni, hafa stundum haldið því fram eða gefið í skyn að þetta fólk hljóti að vera í átthagafjötrum. En er það örugglega rétt? Samkvæmt Jennifer Roback (1982) hafa skynvirði og lífsgæði áhrif á búferlaflutninga og búsetu fólks. Þá er þekkt að fólk hefur ekki sama smekk, þarfir og óskir. Þess vegna ættu sveitarfélög eða einstök samfélög hvers lands að vera ólík eins og Tiebout (1956) færði rök fyrir. Þær kenningar gætu bent m.a. til þess að sterk löngun eða þörf fyrir mikla nálægð við fjölbreytta, villta og ósnerta náttúru togi fólk í fámenn og einangruð samfélög eða komi í veg fyrir að það flytji. Í þessari grein verða óskir og forgangsröð íbúa einstakra landsvæða héraendis rannsökuð m.t.t. búsetuskilyrða. Þá verður athyglinni beint sérstaklega að muninum á milli íbúa afskekkttra og fámennra staða og íbúa sem búa í túnfæti höfuðborgarsvæðisins. Greiningin byggir á skoðanakönnun þar sem rúmlega 6000 tóku þátt árin 2016 og 2017.

Einnig verða skoðuð tengsl milli hugmynda fólks um aðlaðandi umhverfi og ásýnd og um hamingju og gott samfélag. Þar er byggt á eigindlegum gögnum, skilaboðum frá tíu íbúapingum í fámennum, afskekktum byggðarlögum og vísað til niðurstaðna Richard Florida (2008).

# 1 YFIRLIT, SAMANTEKT OG ÁHUGAVERÐIR PUNKTAR

---

Rannsóknarspurningarnar voru:

1. Hvaða þættir halda í og virka sem segull á íbúa fámennra, fjarlæggra og e.t.v. einangraðra samfélaga á Íslandi frekar en fjölmennra samfélaga á jaðri höfuðborgarsvæðisins?
2. Benda skilaboð íbúa í fámennum, fjarlægum og e.t.v. einangruðum samfélögum á Íslandi, um mikilvægi snyrtilegs umhverfis og fallegrar ásýndar, til tengingar við hugmyndir um hamingju og gott samfélag?
3. Hvaða þættir eru frekar seglar á íbúa fjölmennra samfélaga á jaðri höfuðborgarsvæðisins en fámennra og einangraðra samfélaga?

Svör við rannsóknarspurningunum voru:

1. Náttúrugæði og friðsæld voru þeir þættir sem voru lang sterkustu seglarnir á íbúa fámennra, fjarlæggra og e.t.v. einangraðra samfélaga á Íslandi í samanburði við fjölmenn samfélög á jaðri höfuðborgarsvæðisins.
2. Svo framarlega sem helsta grunnþjónusta er til staðar, hafa snyrtilegt umhverfi og falleg ásýnd mikið vægi og þessir þættir tengjast hugmyndum fólks um gott samfélag og hamingju.
3. Gæði grunnskóla, leikskóla og unglिंगastarf mældust sterkustu seglar fyrir íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins á Íslandi í samanburði við fámenn einangruð samfélög (og jafnvel fjölmenn einangruð samfélög).

Það er því þannig að fólk sem býr á fámennum, fjarlægum og einangruðum stöðum býr þar fyrst og fremst vegna þess að fjölbreytt náttúra og friðsæld er þeim svo mikils virði. Íbúar á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins láta sig þessa þætti minna varða og þess vegna verður ýmis þjónusta við börn hlutfallslega sterkust sem aðdráttarafi þeirra samfélaga í þessum landfræðilega samanburði.

Aðrar niðurstöður:

- Greiningin skilaði líka niðurstöðum um hvaða þættir voru seglar fjölmennra, fjarlæggra og einangraðra samfélaga (t.d. Ísafjarðar, Sauðárkróks og Vestmannaeyja). Það voru sérstaklega gæði framhaldsskóla, tónlistarskóli, bókasöfn, menning, þjónusta við fatlaða og þjónusta við útlendinga.
- Fjölbreytt náttúra og friðsæld skiptir minna máli fyrir íbúa fjölmennra, fjarlæggra og einangraðra samfélaga. Þess vegna verður þjónusta fyrir börn íbúum hlutfallslega mjög mikilvæg í stóru þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins. Fjölskyldur í þéttbýlistöðum á jaðri höfuðborgarsvæðisins sækja auðveldlega yfir sveitafélagamörk, t.d. til höfuðborgarsvæðisins þá þætti sem ekki eru til staðar í þeirra þéttbýli eða eru lélegir að gæðum. Þetta gæti átt við framhaldsskóla, tónlistarskóla, menningu og þjónustu við fatlaða. Þessir sömu þættir eru mjög mikilvægir fyrir fjölskyldur fjarlæggra þéttbýlistaða þar sem þær eru ekki í aðstöðu til að sækja þessa þjónustu annars staðar.
- Öryggi og gott mannlíf eru þættir sem renna stoðum undir samkeppnisforskot allra fjarlæggra og eingangraðra samfélaga óháð stærð þeirra.

- Samkeppnisforskot stórra sem smárra byggðarlaga á jaðri höfuðborgarsvæðisins átti rætur sínar að rekja til gæða grunnskóla, leikskóla og unglingsstarfs. Íbúafjöldi byggðarlaganna hafði sem sagt engin áhrif á niðurstöðurnar þar um.
- Þó svo að nálægð við fjölbreytta náttúru skipti íbúa fámennra, fjarlæggra og e.t.v. einangraðra samfélaga miklu máli, er ekki síður mikilvægt að hlúa að hinu manngerða umhverfi. Það á sérstaklega við um snyrtilegt umhverfi og fallega ásýnd. Þetta skilar sér í vellíðan núverandi íbúa, jákvæðari ímynd og sterkari samkeppnisstöðu.


#### Niðurstöður og stefna stjórnvalda

- Stjórnvöld gætu nýtt sér þetta varðandi áherslur í byggðaáætlun, áætlun menntamála og jafnvel í skipulags- og umhverfismálum þannig að hlúð sé að sérstöðu þessara svæða og byggt ofan á hana.
- Sveitarstjórnir og önnur staðbundin stjórnvöld gætu nýtt sér niðurstöðurnar með því að halda þessum upplýsingum á lofti sem víðast í kynningarefni. Það styrkir sjálfsmynd samfélagsins og laðar jafnvel að nýja íbúa sem hafa sömu eða svipaðar óskir og langanir og núverandi íbúar varðandi eiginleika síns óskasamfélags.
- Sveitarstjórnir og önnur staðbundin stjórnvöld gætu líka nýtt sér þetta í áherslur og forgangs röðun verkefna. Varðveisla náttúruminja og að leggja áherslu á friðsæld, öryggi og gott mannlíf væri því frekar markmið í fjarlægum fámennum samfélögum en þeim fjölmennari. Áherslur í fjölmennari samfélögum ættu því að vera meiri á þjónustu við börn heldur en í þeim fámennari. Í fjölmennari og fjarlægari samfélögum ættu áherslur að hverfast meira um framhaldsskóla, tónlistarskóla, bókasöfn, menningu almennt, þjónustu við útlendinga og fatlaða heldur en í samfélögum á jaðri höfuðborgarsvæðisins. Áherslur síðarnefnda hópsins ætti að vera á grunnskóla, unglingsstarf og leikskóla.
- Þegar búið er að tryggja grunnþjónustu á borð við skóla og heilbrigðisþjónustu sem og helstu innviði, s.s. samgöngur og húsnæði, ættu sveitarstjórnir að setja aðlaðandi ásýnd ofarlega þegar fjármunum og framkvæmdum er forgangsraðað. Hér geta sveitarfélög einnig nýtt skipulagsvald sitt með markvissum hætti.

## 2 INNGANGUR

Um helmingur mannkyns býr nú í borgum og þeim fer stöðugt fjölgandi. Spár gera ráð fyrir að mannkyninu muni fjölga úr rúmlega 7 milljörðum í tæpa 12 fram til ársins 2100 og að nánast öll sú fjölgun verði í borgum. En fólk mun samt búa áfram í minni bæjum, þorpum og sveitum.

Hérlendis hefur hraður vöxtur höfuðborgarsvæðisins verið áberandi og núna á allra síðustu árum hafa þeir hlutar Suðurnesja, Suðurlands og Vesturlands, sem næstir eru höfuðborgarsvæðinu, vaxið hratt og í reynd hraðar en það allra síðustu árin. Suðurnes skera sig reyndar úr þar sem vöxturinn alla 20. öldina og fram á þá 21. hefur verið allt að því jafn ör og á höfuðborgarsvæðinu og örari frá lokum seinna stríðs (Mynd 1). Þar virðast tveir viðburðir atkvæðamestir: Þegar herinn kom og þegar hann fór.



Mynd 2.1 Íbúaþróun á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Suðurlandi og S-Vesturlandi 1911-2020

Vísitala þar sem árið 1911 er grunnár

Byggðir geta verið óvenju lífseigar á mjög fámennum og einangruðum stöðum eins og á Barðaströnd og norðanverðum Ströndum. Svona staðir hefðu fyrir löngu geta verið farnir í eyði t.d. út frá kenningunni um krítískan massa í tengslum við byggðapróun þar sem stundum er talið að lágmarksfjölda íbúa þurfi til að byggð geti haldið. En fjöldi fólks býr þó á stöðum sem eru fámennir og úr alfaraleið eða langt frá öflugum þjónustukjarna, hvað þá höfuðborgarsvæðinu sem er öflugasti þjónustukjarni landsins. Stundum er látið í það skína að þetta fólk sé bundið átthaga-fjötrum og það allra mannúðlegasta væri að aðstoða það við að koma sér brott – helst á höfuðborgarsvæðið.

En er rétt að yfirfæra sýn eins yfir á annan? Þekkt er að fólk er ólíkt og hefur ekki sömu óskir og væntingar um líf sitt. Í hagfræðinni er talað um að vild (e. preferences) fólks sé ólíkt frá einum til annars. Annars væru jakkaföt, kjólar og aðrar vörur í einum lit og sniði.

Settar hafa verið fram kenningar og niðurstöður reynslurannsókna um að ýmis þægindi eins og opinber þjónusta hafi áhrif á búsetu fólks og hvort það ákveður að flytja milli landshluta (Tiebout, 1956) ásamt huglægum þáttum eins og veðurfari og fallegri náttúru (Graves, 1979; Roback, 1982) eða mengun og glæpum (Blomquist, Berger, & Hoehn, 1988). Auk þess að heppilegast sé að samfélög innan hvers lands séu ólík, jafnvel sem ólíkust, til að flestum líði sem best vegna þess að fólk hefur ólíkar þarfir og langanir (Tiebout, 1956). Það stuðlar að fjölbreytileika sem er mikils virði í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem Ísland á í um íbúa.

Í þessari grein verður skoðað hvort afstaða til þátta sem tengjast ýmsum búsetuskilyrðum eins og náttúrugæðum séu mun sterkari hjá fólki á afskekktum stöðum og skipti það meira máli heldur en þeirra sem búa nær höfuðborgarsvæðinu. Tilgátan er sú, byggð á grundvelli fyrrnefndra rannsókna að meirihluti þeirra sem búa afskekkt, í fámenni og í eða við stórbrotna náttúru kjósi það frekar en að búa í fjölmennu þéttbýli þar sem fara þarf lengra til að njóta slíkra náttúrugæða. Að það séu ekki áttahagafjötrar sem haldi fólki í fámennustu og fjarlægustu samfélögum landsbyggðarinnar heldur ákveðnir eiginleikar þeirra sem þau kjósa að halda í þrátt fyrir velgengni og aðdráttarafl annarra landsvæða. Að sama skapi hafi þeir sem búa í eða á jaðri höfuðborgarsvæðisins, svæðum sem njóta velgengni og vaxtar, allt aðrar óskir um sitt næsta nágrenni: Kjósi fjölmenni, fjölbreytta þjónustu, fjölbreytt tækifæri á vinnumarkaði og jafnvel greiða leið til útlanda.

Þess vegna mætti kannski segja að ólík samfélög víða um land hafi í raun stuðlað að ákveðnu náttúruvali íbúa. Þeir sem búi í fámennum, fjarlægum og e.t.v. einangruðum samfélögum sé fólk sem hafi allt aðrar þarfir og langanir heldur en þeir sem búi í stóru þéttbýli nærri höfuðborgarsvæðinu. Báðir hópar eru sáttir við þær aðstæður sem þeir búa við, þegar horft hefur verið yfir sviðið til allra kosta og galla. Rannsóknarspurningin gæti því hljóðað svona:

- Hvaða þættir halda í og virka sem segull á íbúa fámennra, fjarlæggra og e.t.v. einangraðra samfélaga á Íslandi frekar en fjölmennra samfélaga á jaðri höfuðborgarsvæðisins

Önnur afleidd spurning gæti því verið:

- Hvaða þættir eru frekar seglar á íbúa fjölmennra samfélaga á jaðri höfuðborgarsvæðisins en fámennra og einangraðra samfélaga?

Þá verður kafað dýpra ofan í afstöðu fámennra, fjarlæggra og e.t.v. einangraðra samfélaga til ásýndar og aðlaðandi umhverfis og skoðað hvernig þeir þættir tengjast hugmyndum fólks um hamingju. Í borgarumhverfinu eru blómakörfurnar stærri og glæsilegri en í litlu þorpunum og minni staðir skarta sjaldnast torgum eða huggulegum miðsvæðum. Það kann því að vera freistandi að ætla að þau sem kjósa að búa á höfuðborgarsvæðinu leggi meira upp úr aðlaðandi umhverfi og ásýnd, en íbúar smærri staða. En er það endilega svo?

Á síðari árum hefur verið bent á, að það hvar fólk kys að búa, geti ráðið miklu um hversu hamingjusamt það upplifir sig. Ásýnd og manngert umhverfi eru meðal þeirra búsetugæða sem talin eru jákvæð og geta jafnvel skipt meira máli en ætla mætti út frá kenningu Maslows um þarfapýramíðann. (Florida, 2008). Því er forvitnilegt að spyrja:

- Benda skilaboð íbúa í fámennum, fjarlægum og e.t.v. einangruðum samfélögum á Íslandi, um mikilvægi snyrtilegs umhverfis og fallegrar ásýndar, til tengingar við hugmyndir um hamingju og gott samfélag?



Greiningarnar byggja á stórrri íbúakönnun sem gerð var árin 2016 og 2017 í öllum landshlutum nema á Austurlandi, Norðurlandi eystra og höfuðborgarsvæðinu og rúmlega 6.000 svöruðu. Einnig voru notuð gögn frá íbúðingum í tíu byggðarlögum, sem öll falla í þann flokk að vera fámenn, fjarlæg og að einhverju marki einangruð. Þingin voru haldin á árunum 2016 – 2020.

Kveikjan að greiningu íbúðingagagnanna í þessari grein, voru skilaboð um mikilvægi umhverfismála og ásýndar og ekki síst samhljómur í gegnum öll þingin, um að þessir þættir tengist hugmyndum fólks um hamingju og gott samfélag.

Greinin er byggð upp á því að fyrst er tilgangur rannsóknarinnar og tilurð kynnt sem hefur nú verið gert hér í inngangi. Þá verður farið yfir ýmsa lýsandi tölfræði og eigindleg gögn, í kaflanum um viðfangsefni. Síðan verður gögnunum lýst og hvernig þeim var safnað. Að lokum fer síðan fram greiningarkafli. Honum verður skipt í þrennt. Fyrst verður lýsandi tölfræði framkvæmd á skoðanakannanagögnunum. Þá verður aðhvarfsgreining framkvæmd á þeim og að lokum verða gögn frá íbúðingum greind.

### 3 FYRRI RANNSÓKNIR

---

Áður en fjallað er um fyrri rannsóknir um áhrif skynvirðis á það hvar fólk kýs að búa og búferlaflutninga yfirleitt, er gott að skoða hugtakið nánar. Skynvirði er oft órætt hugtak en var reyndar skilgreint af höfundi fyrir nokkrum árum og þau sögð felast í „*staðbundnum gæðum sem auka velferð almennings án þess að hann borgi fyrir það markaðsvirði. Ýmis náttúrugæði og endurgjaldslaus þjónusta eða hreinlega félagsstarf hefur verið flokkað undir skynvirði. Þá hafa menn talað um neikvætt skynvirði (dis-amenity). Það eru staðbundnir þættir sem draga úr velferð íbúanna án þess að þeir fái fyrir það bætur*“ (Viðill Karlsson & Kolfinna Jóhannesdóttir, 2010). Þetta er frekar vítt en Brueckner (1999) flokkaði skynvirði í þrennt sem Ahumada og félagar (2020, bls. 56) fjölluðu um og gagnlegt er að segja frá hér. Flokkar skynvirðis voru þar; náttúra (veðurfar og landslag), sögu-minjar (minnismerki og byggingar) og manngert skynvirði (einka- og almannagæði). Auðvelt er að tengja við náttúruperlur og söguminjar en manngert skynvirði getur falist í neikvæðum þáttum eins og mengun, glæpum, flokkadráttum og spillingu en dæmi um jákvætt skynvirði væru góð opinber þjónusta, gott mannlíf, listaverk og almenningsgarðar.

Í sinni einföldustu mynd þá sögðu kenningar innan hagfræðinnar að drifkraftur búferlaflutninga væri launamunur landsvæða (Hicks, 1932; Sjaastad, 1962). Fólk laðaðist að landshlutum með háum launum og færi frá landshlutum með lágum launum. Við það hækkuðu launin í landshlutum með lægri launin en lækkuðu í landshlutunum með hærri launin, að því gefnu að lögmálið um fallandi jaðarafrafrakstur ríkti í framleiðslunni og á vinnumarkaði. Af þessu sést að smám saman kemst á jafnvægi þar sem launin verða að lokum þau sömu í öllum landshlutum og enginn hvati verður lengur til búferlaflutninga. Fljótlega sáu menn að eitthvað vantaði inn í þessa mynd því viðvarandi launamunur virtist ríkja á milli landshluta og jafnvel þó búferlaflutningar væru ekki alltaf miklir og virtust vera nærri jafnvægi. Þá komu brátt fram tilbrigði, eins og kenningarnar um skynvirði.

Pælingar um skynvirði innan hagfræðinnar eru gjarnan raktar aftur til (Tiebout, 1956). Hann einblíndi á þjónustu staðbundinna stjórnvalda (t.d. sveitarstjórnir) sem skynvirði. Hluti af hans pælingum fólust í því að fólk væri ólíkt, með ólíkar þarfir, langanir og óskir. Þess vegna væri mikilvægt að til væru samfélög af ýmsu tagi svo flestir fengju notið sín og þeirra þörfum og óskum verði að mestu mætt.

Seinna kom Graves (1979) með þær pælingar að gott veðurfar fæli í sér skynvirði og þeir Blomquist og félagar (1988) að mengun og glæpir fælu í sér neikvætt skynvirði.

Roback (1982) sýndi fram á að mismikið skynvirði landsvæðanna gæti birst annað hvort í landfræðilegum mun á launum eða fasteignaverði (eða landvirði) og e.t.v. hvoru tveggja. Áður fyrr hafði verið sýnt fram á að landvirði eða fasteignaverð endurspegladi landfræðilegan breytileika í skynvirði og Roback bætti því þessari tengingu við áhrif launa inn í kenningar á þessu fræðasviði. Hún greindi á milli gæða af þessu tagi (skynvirði) sem annað hvort nýttust atvinnulífínu á arðbæran hátt og svo þeirra sem gerðu það ekki eða væru því jafnvel dýrkeypt og því kostnaðarsöm. Gott veður getur verið dæmi um hið fyrra og mikil loftgæði dæmi um hið síðara. Gott veður örvar eftirspurn sumra atvinnugreina en líka vegna þess að vont veður eykur kostnað þeirra. Markmið samfélagsins um mikil loftgæði getur til skemmri tíma (og e.t.v. lengri) hækkað kostnað atvinnulífsins t.d. ef lagður er á grænn skattur til að ná viðkomandi markmiði. Roback færði rök fyrir því með jafnvægislíkani að „húsnæðisverð sé summa launa og skynvirðis“ (1982, bls. 1266) þannig að ef skynvirði eins svæðis væri hærra en á öðru svæði (í ímynduðum heimi

tveggja afmarkaðra svæða) þá væru launin sem því nemur lægri á svæði hærra skynvirðis ef fasteignaverð væri á sama tíma það sama á báðum svæðum. Að sama skapi væri fasteignaverðið hærra á svæði hærra skynvirðisins ef launin væru þau sömu á báðum svæðum samtímis. Svo gæti áhrifa skynvirðisins skipst á milli fasteignaverðs og launa þannig að launin yrðu lítið eitt lægri á svæði hærra skynvirðis og fasteignaverð þar lítið eitt hærra. Landfæðilegt ójafnvægi í þessu samhengi getur síðan verið undirrót búferlaflutninga eins og t.d. ef staðbundin mengun eykst og fasteignaverð og laun standa í stað þá flytur fólk frá mengaða staðnum til þess hreina. Það gerir annað tveggja, hækkar laun og/eða lækkar fasteignaverð á mengaða staðnum og lækkar þau og/eða hækkar fasteignaverð á þeim hreina. Roback prófaði þessa tilgátu á raungögnum og náði að sýna fram á áhrif á laun á meðan áhrif á fasteignaverð voru óljósari.

Rannsóknir á skynvirði og tengslum þess við val á búsetu og búferlaflutningum eru enn viðhafðar. Rannsókn Falck og féлага (2018) er gott dæmi um þetta þar sem fjallað er um hvernig menning er í rauninni skynvirði og virkar sem aðdráttarafi á þann hátt en sérstaklega gagnvart langskólagengnu fólki (e. high-skilled workers). Rannsóknin byggir á göngum frá Þýskalandi árin 1975-2010. Þá er nýleg rannsókn Letdin og Shim (2019) af hefbundnara taginu þar sem skoðuð er togstreitan milli þess að búa nærri öflugum vinnumarkaði eða þar sem skynvirði er mikið. Þar kom fram mikill munur eftir kyni, menntun, hvort menn eigi íbúð og fjölskyldugerð. Þar þótti sérstaklega athyglisvert að heimili þar sem konan er útivinnandi maki og með eldri börn kysu að búa nærri miðbæjum með miklu skynvirði. Einnig að útivinnandi konur án barna byggju frekar nálægt vinnustað sínum hvort heldur í borgum með miklu eða litlu skynvirði.

Ahumada og félagar (2020) voru hins vegar í svipuðum pælingum og í þeirri rannsókn sem hér er fjallað um. Þar segja þeir að „við höfum ekki öll sama smekk“. Rannsóknin er gerð í Síle (e. Chile) og eingöngu meðal íbúa stórra og lítilla borga. Þeir komust að því að litlar veðursælar borgir njóta þess að þar er minni mengun og færri glæpir en í stóru borgunum og þetta laðar að íbúa. Einnig sáu þeir að fólk hafði mismunandi þol gagnvart veðri (hita og úrkomu), glæpum og laðaðist mismikið að almenningsgörðum (e. parks).

Í yfirliti sínu um fyrri rannsóknir segja Ahumada og félagar (2020, bls. 56-58) að flestar reynslurannsóknir (e. empirical studies) séu frá þróuðum ríkjum en nánast engar frá þróunarríkjum. Þar telja þeir upp lönd eins og Bretland (Maddison, 2001; Rehdanz, 2006), Ítalíu (Maddison & Bigano, 2003), Bandaríkin (Rappaport, 2007), Síle (Iturra, 2018) og eina rannsókn sem reyndar náði til 67 landa og sum þeirra þróunarlönd (Rehdanz & Maddison, 2005). Einnig er nefnd ein frá Írlandi (Ferreira & Moro, 2010) og önnur frá Þýskalandi (Falck et al., 2018). Þá má líka benda á að engar reynslurannsóknir hafa komið frá fámennum en landfræðilega stórum löndum eins og Íslandi. Þess utan hefur aldrei verið reynt að skoða muninn milli ólíkra samfélaga innan lands nema hjá þeim Ahumada og félögum (2020). Aldrei hefur þó verið reynt að skoða muninn á litlum þéttbýliskjörnum á jaðri borga og þeirra sem eru fjær og einangraðir og/eða mjög fámennra samfélaga eins og hér er gert.

Richard Florida (2008, bls. 148) segir um „landfræði hamingju“ að þó svo að einstaklingum og þjóðum sé tamt að meta árangur og velsæld út frá efnislegum gæðum, þá sækjumst við manneskjurnar umfram allt eftir hamingju. Þessa áherslu megji finna allt frá Aristotelesi til sálfræðinga nútímans og hefur því verið haldið fram að sönn velsæld spretti fyrst og fremst af félagslegum tengslum og því að finna tilgang í störfum sem við höfum ástríðu fyrir. Florida vitnar í sálfræðinginn Daniel Gilbert (2006), sem segir að „flest okkar taki að minnsta kosti þrjár mikilvægar ákvarðanir í lífinu: Hvar við búum, hvað við störfum og með hverjum“.

Florida heldur því fram að hvar við kjósum að búa sé afgerandi þáttur varðandi hina tvo og sé hlekkur sem hafi vantað í rannsóknir á hamingju. Í samstarfi við Gallup gerði hann stóra rannsókn í Bandaríkjunum, svokallaða „Place and Happiness Survey“, sem á íslensku mætti kalla „Heimabær og hamingja“. Fyrri hluti rannsóknarinnar fór fram sumarið 2005 og byggði á 2.300 svörum frá íbúum í 22 borgum. Henni var síðan fylgt eftir ári síðar og fengust þá 27.000 svör frá íbúum í um 8.000 samfélögum um öll Bandaríkin.

Spurt var um fjóra þætti hamingju og byggðu þeir á niðurstöðum leiðandi rannsókna á hamingju, þ.e. hamingju í persónulegu lífi, í starfi og fjárhagslegri hamingju. Bætt var við fjórða þættinum, hamingju með staðinn sem þú býrð á.

Niðurstöður Florida (2008, bls. 151 – 153) sýndu að búseta er afgerandi þáttur varðandi hamingju og er þriðja stoðin undir vellíðan, auk persónulegra tengsla og starfa. Þannig ráði búseta meiru um hamingju, en t.d. menntun eða tekjur.

Gögn úr síðari hluta rannsóknarinnar voru notuð til meta fjölmarga þætti varðandi búsetu og var þeim skipt upp í fimm flokka:

- Líkamlegt og fjárhagslegt öryggi, t.d. upplifun af glæpum og öryggi, efnahagsþróun og framboð starfa.
- Grunnþjónusta, s.s. skólar, heilbrigðisþjónusta, framboð og verð húsnæðis og samgöngur.
- Forysta, m.a. gæði og virkni leiðtoga, bæði kjörinna og opinberra starfsmanna og möguleikar til þátttöku.
- Opin viðhorf, s.s. umburðarlyndi gagnvart ólíkum hópum.
- Fagurfræði (e. aesthetics) – fallett umhverfi, skynvirði (e. amenities) og menningarlíf.

Við forgangsröðun þátttakenda kom í ljós að þó svo að allir þessir þættir skipti máli, reyndust tveir þeirra vega þyngst, fagurfræði og grunnþjónusta. (2008, bls. 163)

Þetta leiðir hugann að kenningu bandaríska sálfræðingsins Abraham Maslow (1943, bls. 3 og 6), um þarfapýramídan, sem hann setti fyrst fram árið 1943. Samkvæmt kenningunni skiptast þarfir einstaklinga í fimm stig. Eftir því sem þörfum neðar í pýramídanum er fullnægt, kvikna þarfir í þrepunum fyrir ofan. Hann bendir þó á að þrepin og þarfirnar skarist, þannig að ekki sé nauðsynlegt að þörf í einu þrepi sé mætt til fulls, áður en þarfir í efri þrepum kalli á athygli (1943, bls. 14).



---

Mynd 3.1 Þarfapýramídi Maslow

---

Florida (2008, bls 166) vitnar í Virginia Postrel (2003), sem bendir á að með nokkurri einföldun megi túlka þarfakenningu Maslows þannig að fagurfræði sé lúxus, sem skipti aðeins efnað fólk máli. Sú sé þó ekki raunin, því viðleitni til að fullnægja þörfum ofarlega í pýramídanum, sé ekki háð því að þörfum samkvæmt neðri þrepunum sé fullnægt til hlítar, eins og Maslow sjálfur benti á og fram kom hér á undan. Þörf fyrir fegurð virðist mjög ríkur þáttur í mannlegu eðli og hefur birst frá örófi alda. Þetta sé ekki síst mikilvægt gagnvart þeim stöðum sem við búum á. Hagfræðingar kalla þetta „fegurðarvirði“ (e. the beauty premium), þar sem fólk laðast að og er tilbúið að greiða hærra verð fyrir það sem telst fagurt. Fegurðarvirði er síðan hluti af skynvirði (e. aesthetics).

## 4 VIÐFANGSEFNIÐ

Hluti íbúa á Íslandi býr á fámennum og einangruðum stöðum og eru þeir þó nokkrir, bæði í sveitasamfélögum og við sjávarsíðuna. Þéttbýli var talið og flokkað eftir stærð árin 2019 og 2011 (Tafla 4.1 og Tafla 4.2). Í ljós kom að 18 þéttbýli höfðu 46-100 íbúa, 44 þéttbýli 101 til 500 íbúa (Tafla 4.1) en þéttbýli 500 íbúa og fámennari verða að teljast mjög lítil. Athygli vekur að þau eru rúmlega helmingur alls þéttbýlis á Íslandi þar sem heildarfjöldi þeirra er 107.

Tafla 4.1 Fjöldi bæja og þorpa eftir stærðarflokkum og landshlutum í janúar 2019

Byggt á gögnum Hagstofu Íslands

Mannfjöldi	Suðurland	Vesturland	Norðurland	Austurland	Samtals
46-100	7	4	6	1	18
101-500	10	15	15	4	44
501-1000	5	4	3	3	15
1001-10.000	11	4	4	4	23
< 10.000	6		1		7
Samtals	39	27	29	12	107

Sambærileg gögn voru tekin fyrir árið 2011 eða 9 árum fyrr (Tafla 4.2). Á því sést einhver hreyfing á milli stærðarflokka.

Tafla 4.2 Fjöldi bæja og þorpa eftir stærðarflokkum og landshlutum í janúar 2011

Byggt á gögnum Hagstofu Íslands

Mannfjöldi	Suðurland	Vesturland	Norðurland	Austurland	Samtals
39-100	9	4	6	1	20
101-500	9	15	14	4	42
501-1000	4	3	4	3	14
1001-10.000	12	5	4	4	25
< 10.000	5		1		6
Samtals	39	27	29	12	107

Til að gefa einhverja vísbendingu um stærðarflokka sveitasamfélaga var komist næst því af gögnum heimasíðu Hagstofu Íslands með því að skoða mannfjölda Íslands brotinn upp eftir póstnúmerum og talin voru saman póstnúmer sem skilgreind eru sem dreifbýlis póstnúmer (Tafla 4.3).

Tafla 4.3 Fjöldi dreifbýlissamfélaga eftir stærðarflokkum og landshlutum í janúar 2019

Byggt á gögnum Hagstofu Íslands

Mannfjöldi	Suðurland	Vesturland	Norðurland	Austurland	Samtals
4-100	4	12	7	8	31
101-500	8	4	5	2	19
501-1000	3	1	4	1	9
1001-10.000	2	1	0	0	3
< 10.000	0	0	0	0	0
Samtals	17	18	16	11	62

Sá galli var gjöf Njarðar að sum þessara dreifbýlispóstnúmera gátu haft að geyma lítil þéttbýli sem talin voru í töflunum hér á undan. Dreifbýli Árborgar og Borgarbyggðar eru dæmi um þetta. Þá eru sum þeirra svo stór að ætla mætti að um nokkur sveitasamfélög sé að ræða. Dreifbýli Borgarness, Egilsstaða, Hellu og Selfoss eru dæmi um það. En það dregur svo sem ekki úr vigt þessara talna í að undirstrika hvað þessi samfélög eru fámenn því við sjáum að 50 af 62 þessara samfélaga hafa 500 íbúa eða færri. Helmingur þeirra eru á bilinu 4 til 100 íbúa samfélög. Þetta eru því býsna mörg samfélög í ekki fjölmennara landi en Ísland er.

## 5 GÖGN OG AÐFERÐIR

---

Í rannsókninni var bæði stuðst við meginleg og eigindleg gögn og aðferðir.

### 5.1 MEGINDLEG GÖGN OG AÐFERÐIR

---

Ítarleg umfjöllun um þau gögn sem beitt er hér og hvernig þeim var safnað hefur þegar farið fram bæði í fyrstu skýrslunni sem byggði á könnuninni (Vifill Karlsson, 2018) sem og þeirri allra nýjustu (Vifill Karlsson, 2020). Lesendum er því bent á þau rit til að kynna sér það.

Það skal þó rifjað upp að unnið er með gögn sem komu úr tveimur spurningum. Sú fyrri, sem stóð fyrir stöðu búsetuskilyrðanna var:

*„Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í þínu sveitarfélagi? Vinsamlegast hakið þar sem við á og svarið öllum liðum. Svarið hvorki/né ef þú hefur ekki skoðun.“*

Síðan voru tilgreindir 40 mismunandi þættir (Tafla 10.1) sem við köllum búsetuskilyrði og þátttakendur beðnir um að velja á milli svarmöguleikanna „mjög gott, frekar gott, hvorki/né, frekar slæmt og mjög slæmt“. Seinni og sú sem stóð fyrir mikilvægi búsetuskilyrðanna var:

*„Hver eftirfarandi þátta/málaflokka finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir áframhaldandi búsetu þína í sveitarfélaginu? Vinsamlegast hakið þar sem við á og svarið öllum liðum. Svarið hvorki/né ef þú hefur ekki skoðun.“*

Þá gátu þátttakendur valið á milli „mjög miklu, frekar miklu, hvorki/né, frekar litlu og mjög litlu“.<sup>1</sup>

Á grundvelli spurninganna var síðan tveimur aðferðum beitt. Fyrst er lýsandi greiningu beitt þar sem sýnt verður fram á hvort vænt tilhneiging sé í gögnunum:


Að það sé marktæk fylgni á milli fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu og því mikilvægi sem búsetuskilyrðin hafa fyrir framtíðarbúsetu þátttakenda.

Ef svo er þá er enn meiri staðfesting á því hvort fólk velji sér búsetu eftir sérstöðu landsvæðisins ef mikilvægi búsetuskilyrðisins fer saman með stöðunni, þannig að ef þáttur er ekki mikilvægur fyrir framtíðarbúsetu fólks þá sé staðan þar ekki góð. Þá þyrfti hið gagnstæða að gilda líka, ef mikilvægi er metið hátt þá sé staðan líka mjög góð. Þetta allt verður síðan að skoða í samanburði við aðra landshluta. Þá ætti að koma fram mynstur eins og á sýnt er á Mynd 5.1 þar sem gögnin mynda eins og 45° línu (Mynd 5.1).

Hún gefur einmitt til kynna að í þeim landshlutum sem mikilvægi náttúrunnar (eða þess þáttar sem til skoðunar er hverju sinni) er mest er staðan líka betri en annars staðar. Síðan hið gagnstæða, þar sem mikilvægi náttúrunnar er minna en annars staðar er staðan líka verri (fjórðungurinn vinstra megin niðri, Mynd 5.1). Við nánari skoðun kom í ljós að þau landsvæði sem þóttu ríkari af náttúruminum og skiptu íbúana hvað mestu máli voru landsvæði sem voru fjærst höfuðborgarsvæðinu, Strandir og Reykhólar, Skaftafellssýslur, Rangárvallasýsla og norðanverðir Vestfirðir. Þau sem voru rýrari að þessu leyti og sem íbúunum stóð meira á sama um, voru landsvæði í túnfæti höfuðborgarsvæðisins og þá helst Reykjanesbær, Sandgerði, Garður og Akranes.

---

<sup>1</sup> Í tölfræðilegri úrvinnslu spurninganna var svörunum gefin einkunn. Ef þátttakandi merkti við „mjög góð“ var gefin 5 í einkunn, 4 ef “frekar góð”, 3 ef “hvorki né”, 2 ef “frekar slæm” og 1 ef “mjög slæm”. Meðaltölin má því túlka í samræmi við það. Sami skali var notaður fyrir mikilvægið þar sem “mjög miklu” fékk einkunnina 5, “frekar miklu” 4, “hvorki/né” 3, “frekar litlu” 2 og “mjög litlu” 1.



Mynd 5.1 Staða og mikilvægi búsetuskilyrða – náttúra

Þar sem þessi grafíska athugun (Mynd 5.1) byggir á meðaltölum þessara landsvæða getur þetta aldrei verið annað en vísbending um það sem hún sýnir. Þess vegna var hannað tölfræðilíkan sem prófaði sambandið á allt gagnasafnið eftir þátttakendum. Þá var búseta þeirra tengd sveitarfélögum en ekki landsvæðum og þannig náðist nákvæmari tenging við fjarlægð frá Reykjavík. Eftirfarandi líkan var því prófað með aðhvarfsgreiningu:

$$y_i^* = X'_i \beta + \varepsilon_i$$

Þetta er sérhannað aðhvarfsgreiningarlíkan fyrir raðtölur, stundum kallað líkan reglulegra viðbragða (e. ordered response model), eins og verða gjarnan til í gagnagrunnum sem byggja á skoðanakönnunum. Ítarlegri almenna tæknilega og tölfræðilega lýsingu á því er að finna í nýlegri skýrslu (Vifill Karlsson, 2020, pp., bls. 25). Hér stendur  $y_i^*$  fyrir stöðu búsetuskilyrðisins náttúru að mati þátttakanda,  $i$ , og  $\beta$  fyrir metna stuðla en  $\varepsilon_i$  fyrir leifaliðinn.  $X'_i$  er síðan vektor ýmissa skýribreyta sem lýst er nánar hér:

$$X'_i = x_1 + x_2 + x_3 + x_4 + x_5 + x_6$$



Þar sem:

$x_1$  = Mikilvægi náttúru að mati þátttakanda

$x_2$  = Fjarlægð frá Reykjavík til sveitarfélags í kílómetrum talið, þar sem þátttakandi býr

$x_3$  = Fjöldi íbúa í viðkomandi sveitarfélagi

$x_4$  = Kyn þátttakanda

$x_5$  = Aldur þátttakanda

$x_6$  = Aldur þátttakanda í öðru veldi

$x_7$  = Innflytjendur

$x_8$  = Hjúskaparstaða þátttakanda

Með þessu líkani erum við fyrst að leita að búsetuskilyrðum sem líta út eins og í Mynd 5.1 hér að ofan þannig að það sé jákvæð fylgni á milli stöðu og mikilvægi þeirra en að jafnframt sé jákvætt marktækt samband milli fjarlægðar frá Reykjavík þangað sem þátttakandi býr og stöðu viðkomandi búsetuskilyrðis. Hins vegar erum við fyrst og fremst að horfa til þátta sem samkvæmt kenningum um skynvirði ættu að vera seglar og sérstaða landsbyggðarinnar og kannski einkum sveitanna. Það er náttúra, kyrrð og ró og persónulegra mannlíf. Líkanið hér að ofan er t.d. skilgreint fyrir náttúru (eða eins og það er nákvæmlega orðað í skoðanakönnuninni „nálægð við fjölbreytta náttúru“). En við munum samt framkvæma greininguna á alla þá 40 þætti sem spurt var út í til að skoða hvort það kunnir að vera fleiri þættir sem eru seglar landsbyggðanna en þessir sem kenningarnar kveða á um.

Tölfræðilegt yfirlit yfir skýribreyturnar er síðan að finna hér (Tafla 5.1 og Tafla 5.2). Þar sést m.a. að það er misjafnt hversu vel þátttakendur gefa upp mikilvægi einstakra búsetuskilyrða en þó eru aldrei færri en rúmlega 5.200 sem svara. Til að þau gögn skili sér síðan í endanlega greiningu þarf að fást svar við öllum hinum spurningunum sem standa á bakvið breytur líkansins hjá hverjum og einum þátttakanda. Við sjáum t.d. að færri gefa upp kyn sitt en aldur sinn. Þegar upp var staðið náðust rúmlega 4.700 þátttakenda inn í endanlega greiningu þar sem þeir voru fæstir (sjá nánar í kafla 10.3).

Tafla 5.1 Lýsandi tölfræði og yfirlit lýðfræðilegra breyta

Breyta	Lýsing	Ath	Mtl	Stfrv
Lýðfræðilegar breytur				
Kyn	Leppbreyta, 1 ef karl.	5.647	0,46	0,50
Aldur	Aldur þátttakanda byggt á uppgefnu fæðingarári.	5.887	48,60	15,50
Innflytjendur	Leppbreyta fyrir uppruna, 1 ekki Ísland.	5.920	0,04	0,19
Hjúskaparstaða	Leppbreyta, 1 ef í hjónabandi eða sambúð.	5.905	0,79	0,41

Tafla 5.2 Lýsandi tölfræði og yfirlit búsetuskilyrðanna

Búsetuskilyrði	Staðan			Mikilvægi		
	Svör	Meðaltal	Staðalfrávik	Svör	Meðaltal	Staðalfrávik
Afþreying	5.426	3,05	1,08	5.293	3,88	0,99
Aldraðir	5.403	3,42	0,99	5.301	4,14	1,04
Alm.samgöngur	5.428	2,75	1,12	5.278	3,77	1,16
Atvinnulausir	5.265	3,16	0,77	5.236	3,64	1,14
Atvinnurekstur	5.404	3,27	0,94	5.305	3,60	1,15
Atvinnuúrval	5.441	3,01	1,03	5.345	4,11	1,00
Atvinnuöryggi	5.388	3,55	0,93	5.330	4,32	0,95
Barnafólk	5.312	3,41	0,85	5.252	4,04	1,08
Bókasöfn	5.414	4,10	0,83	5.275	3,83	1,06
Elliheimili	5.379	3,53	1,12	5.283	4,04	1,09
Farsími	5.456	3,85	1,08	5.305	4,19	0,99
Fatlaðir	5.319	3,25	0,94	5.244	3,90	1,14
Félagsheimili	5.357	3,55	1,04	5.266	3,72	1,05
Fjárhagsvandi	5.253	3,01	0,74	5.249	3,67	1,11
Framfærsla	5.329	2,87	0,86	5.290	3,99	1,00
Framh.skóli	5.405	3,38	1,14	5.282	3,55	1,27
Framh.skóli gæði	5.274	3,44	0,96	5.243	3,85	1,21
Friðsæld	5.457	4,58	0,66	5.311	4,44	0,81
Grunnskóli	5.356	3,89	0,89	5.262	4,02	1,20
Háskóli	5.403	2,59	1,15	5.274	3,36	1,23
Heilsugæsla	5.463	3,05	1,20	5.328	4,37	0,89
Internet	5.424	3,64	1,23	5.291	4,32	0,93
Íbúðir	5.442	2,41	1,02	5.310	3,55	1,25
Íþróttir	5.413	3,82	0,97	5.261	4,07	1,06
Laun	5.401	2,91	0,93	5.333	4,22	0,94
Leiguíbúðir	5.433	1,83	0,84	5.308	3,41	1,34
Leikskóli	5.348	3,89	0,88	5.246	3,81	1,28
Mannlíf	5.456	4,13	0,83	5.299	4,41	0,80
Menning	5.406	3,55	0,94	5.271	4,02	0,94
Náttúra	5.468	4,64	0,61	5.300	4,30	0,91
Skipulagsmál	5.324	3,09	0,94	5.256	3,95	0,99
Tónlistarskóli	5.349	3,90	0,91	5.252	3,75	1,11
Umferð	5.438	4,07	0,96	5.285	4,17	0,92
Unglingastarf	5.278	3,33	0,89	5.225	3,85	1,18
Útlendingar	5.282	3,32	0,73	5.244	3,51	1,15
Vegakerfi	5.436	2,71	1,20	5.301	4,09	1,02
Vöruúrval	5.405	2,84	1,06	5.294	3,98	0,99
Vöruverð	5.381	2,58	1,03	5.320	4,07	0,99
Örugg umferð	5.420	3,73	1,05	5.276	4,37	0,85
Öryggi	5.425	4,23	0,76	5.288	4,51	0,76

*Tafla 7.1 hefur nánari skilgreiningu búsetuskilyrðanna.*

Í yfirlitinu (Tafla 5.1 og Tafla 5.2) sést líka að þátttakendur voru misjafnlega sammála um stöðu einstakra þátta. Þeir eru einna mest sammála um stöðu þáttanna náttúra 0,61 og friðsæld 0,66

sem verða reyndar í brennidepli þessarar rannsóknar. Þá eru þátttakendur ekki eins sammála um mikilvægi þessara tveggja þátta þar sem staðalfrávikidi er 0,91 fyrir náttúru og 0,81 fyrir friðsæld. En jafnvel þó þeir væru minna sammála um mikilvægi þessara þátta en stöðu þeirra þá voru þeir mest sammála um mikilvægi öryggis, góðs mannlífs og friðsældar ef teknir voru þrír efstu. Náttúran var sjötta í röðinni ofan frá af 40.

Þátttakendur voru mest ósammála um stöðu heilsugæslunnar, vegakerfisins og nettenginga þar sem staðalfrávikidi fór í eða yfir 1,20. Það passar ágætlega við þá breidd sem aðilar í byggðaðpróun upplifa varðandi mun þessara þátta frá einu svæði til annars. Hins vegar voru þeir mest ósammála um mikilvægi íbúða til sölu og leigu sem og leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla en skólar koma líka mikið við sögu í þessari greiningu eins og fjallað er nánar um í niðurstöðunum. Þessi ólíka afstaða er skiljanleg því þátttakendur voru beðnir um að svara út frá mikilvægi búsetu sinnar og þeir sem svara könnuninni búa nú þegar í samfélaginu og flestir í eigin húsnæði. Þess vegna skipta íbúðir til sölu engu máli fyrir þá sem eru ánægðir með sínar en miklu máli fyrir þá sem eru óánægðir. Að sama skapi skiptir leiguhúsnæði nánast engu máli fyrir þá sem eiga íbúð en öllu máli fyrir aðra. Þá skipta skólar miklu máli fyrir búsetu fólks með börn en ekki aðra nema að þær ömmur og þeir afar sem búa í sama byggðarlagi og börn sín og meti mikla nálægð við börn og barnabörn mikils.

## 5.2 EIGINDLEG GÖGN OG AÐFERÐIR

---

Byggt er á eigindlegum gögnum frá íbúðingum í tíu fámenum, afskekktum og að nokkru leyti einangruðum byggðarlögum.

Þetta eru, í stafrófsröð: Árneshreppur, Bakkafjörður, Borgarfjörður eystri, Grímsey, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Vesturbyggð (Patreksfjörður), Vopnafjarðarhreppur, Þingeyri og Óxarfjörður. Sjö þing af tíu voru haldin við upphaf verkefnisins „Brothættar byggðir“ á vegum Byggðastofnunar. Þingið á Vopnafirði kom til vegna erfiðrar stöðu í atvinnumálum og var haldið með stuðningi frá Byggðastofnun. Í Súðavíkurhreppi, var þingið haldið í tengslum við stefnumótun varðandi gerð aðalskipulags. Íbúðingið í Vesturbyggð var haldið af sveitarfélaginu og snerist um almenna stefnumótun. Öll falla byggðarlögin í fyrsta eða annan stærðarflokk samkvæmt töflunum í fjórða kafla, hér á undan.

Samkvæmt verkefnislýsingu Byggðastofnunar fyrir verkefnið „Brothættar byggðir“ (2017), er um að ræða sértæka aðgerð sem hefur það að meginmarkmiði „...að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins.“ (Bls. 5). „Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra.“ (Bls. 7).

Verkefnið snýst m.a. um að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heima-byggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra. Samtal við íbúa fer alla jafna fram með íbúðingi, við upphaf verkefnis, eins og segir í verkefnislýsingu Byggðastofnunar (2017). Við lok árs 2020 hefur þetta verklag verið nýtt í tólf samfélögum. Einnig hafa íbúðing, með sama fyrirkomulagi verið haldin á fleiri stöðum, án beinnar tengingar við verkefnið „Brothættar byggðir“.

Öll tíu íbúðingin sem hér eru til skoðunar, voru með sama fyrirkomulagi. Hvert þing stóð í tvo daga og notuð var aðferð sem kallast Open Space Technology, eða „Opið rými“ (Owen 2008). Við upphaf þings gátu þeir þátttakendur sem það vildu, stungið upp á umræðuefnum, sem síðan voru

rædd í minni hópum, að jafnaði í u.þ.b. klukkustund. Undir lok þings á síðari degi, var þátttakendum boðið í ferðalag inn í framtíðina og þingunum lauk með því að málefnum var forgangsraðað eftir mikilvægi. Sigurborg Kr. Hannesdóttir stýrði þingunum og vann úr skilaboðum þeirra.

Hér er byggt á gögnum úr tveimur hlutum íbúáþinganna. Annars vegar frá ferðalaginu inn í framtíðina og hins vegar forgangsröðun málefna í lok þings.

Ferðalag inn í framtíðina fór fram með leiðsögn stjórnanda. Þá sá fólk fyrir sér að það færi í burtu og sneri til baka að 10 – 20 árum liðnum<sup>2</sup>. Fyrst var þátttakendum boðið að loka augum, anda djúpt og slaka líkamann. Síðan var haldið af stað í tímaferðalag. Við heimkomuna var litið yfir sviðið, umhverfi, atvinnu og mannlíf. Hver og einn skráði síðan niður á spjald/spjöld það sem viðkomandi sá fyrir sér. Spjöldunum var skilað, nafnlausum, til stjórnanda þingsins, sem vann úr þeim inn í samantekt um skilaboð íbúáþingsins. Þetta fyrirkomulag var á níu þingum af tíu, en annað fyrirkomulag var á einu þeirra, af tungumálaástæðum. Þar áttu þátttakendur að hugsa sér að góður árangur hefði vakið athygli og að blaðamaður kæmi til þeirra að tíu árum liðnum og spyrði: „Hvernig fóruð þið að því að ná þessum góða árangri?“. Þátttakendur svöruðu spurningunni í litlum hópum.

Þátttakendur komu víða við í þessu framtíðarferðalagi, en hér hefur verið unnið sérstaklega úr skilaboðum sem varða umhverfi og ásýnd.

Þá er greint frá því hvernig þátttakendur forgangsröðuðu umhverfismálum og/eða ásýnd undir lok þings, með hliðsjón af öðrum málefnum sem íbúar telja mikilvæg fyrir jákvæða þróun til framtíðar.

Úrvinnsla úr gögnunum er eigindleg og þau endurspeгла aðeins sjónarmið þeirra sem tóku þátt í þingunum á þeim tímavarki þegar horft var til framtíðar og við forgangsröðun.


---

<sup>2</sup> Á fimm þinganna var horft til 20 ára og á fjórum til tíu ára. Á einu þingi var horft til þrettán ára og réðist það af aðstæðum á viðkomandi stað.

## 6 NIÐURSTÖÐUR

### 6.1 ÍBÚAKÖNNUN LANDSHLUTANNA

Aðhvarfsgreining var framkvæmd í samræmi við líkanið sem kynnt var í kaflanum um aðferðir. Þó svo að tilefni rannsóknarinnar og kenningar um skynvirði hafi beint athyglinni sérstaklega að þáttum eins og fallettri náttúru, kyrrð og ró, almennu öryggi (þ.e.a.s. andhverfa t.d. glæpa) og slíkum þáttum þá var ákveðið að framkvæma þetta próf gagnvart öllum búsetuskilyrðum sem spurt var um í könnuninni til að sjá hvað dregur fólk að mestu vaxtarsvæðum landsbyggðarinnar, eins og Suðurnesjum, Árborgarsvæðinu og Akranesi og nágrenni þess. Það krafðist 40 sjálfstæðra aðhvarfsgreininga og er niðurstöður fyrir þær allar að finna í viðauka (Tafla 10.3).



Mynd 6.1 Stuðlar mikilvægis þátta og fjarlægðar frá Reykjavík

Nú er gott a rifja upp tvær af þremur rannsóknarspurningum, þá fyrstu og þriðju sem byggðu á magnbundnum aðferðum:

- 1 Hvaða þættir halda frekar í og virka sem segull á íbúa fámennra, fjarlæggra og e.t.v. einangraðra samfélaga á Íslandi en fjölmennra samfélaga á jaðri höfuðborgarsvæðisins?
- 3 Hvaða þættir eru frekar seglar á íbúa fjölmennra samfélaga á jaðri höfuðborgarsvæðisins en fámennra og einangraðra samfélaga?

Svör við þessum spurningum byggja á því að allir þátttakendur hafa atvinnu. Til þess að auðvelda niðurstöðukaflann var bara greint frá niðurstöðum megin greiningarinnar sem uppfylltu tvö eða þrjú skilyrði. Þau eru:

- a) Marktækt samband var á milli stöðu búsetuskilyrðanna og mikilvægis þeirra.
- b) Skilyrði a) er uppfyllt auk þess sem marktækt samband er á milli stöðu búsetuskilyrðanna og fjarlægðar heimilis þátttakanda frá Reykjavík. Þá er marktækt samband á milli stöðu búsetuskilyrðanna, mikilvægis og fjarlægðar heimilis þátttakanda frá Reykjavík.
- c) Skilyrði a) og b) eru uppfyllt og að marktækt samband sé á milli stöðu búsetuskilyrðanna og fjölda íbúa viðkomandi samfélaga.

Til að fá svar við spurningu 1) þarf að vera jákvætt samband í skilyrði a og b en neikvætt í c. Það er vegna þess að þá fer saman góð staða búsetuskilyrðis og aukið mikilvægi þess (skilyrði a). Um leið færast það mikilvægi í aukana (skv. a) eftir því sem fjær dregur Reykjavík (skilyrði b) og fámennið eykst (skilyrði c). Þeir þættir sem uppfylla skilyrðin voru settir fram myndrænt (Mynd 6.1).

Myndin er byggð þannig upp að á lárétta ásnum má sjá metna stuðla og marktæka milli mikilvægis og stöðu búsetuskilyrðis. Metna stuðla og marktæka á milli fjarlægðar frá Reykjavík og stöðu búsetuskilyrðis á lóðrétta ásnum. Svo var formerki milli stöðu búsetuskilyrða og íbúafjölda viðkomandi samfélaga að finna í lögun og lit gildisins. Fyrir neikvætt formerki voru gildin rauðlituð og hringlaga, blá og þríhyrnd ef jákvæð, ólituð og þríhyrnd ef ómarktæk.

Tafla 6.1 Niðurstöður aðhvarfsgreininga gangvart íbúafjölda/mannfjölda

Búsetuskilyrði	Stuðull	t-gildi
Tónlistarskóli	0,0000619	1,76*
Menning	0,0000528	1,96*
Framfærsla	0,0000544	2,04*
Fatlaðir	0,0000785	2,18**
Framhskgæði	0,0001787	3,28**
Bókasöfn	0,0001017	3,39**
Útlendingar	0,0000654	3,93***
Náttúra	-0,0000836	-5,01***
Friðsæld	-0,0001211	-8,37***

*Útskýring: Hér eru eingöngu tilgreind marktæk sambönd á milli íbúafjölda og stöðu viðkomandi búsetuskilyrðis að því gefnu að tvö fyrri skilyrði (a og b) væru líka uppfyllt.*

Mannfjöldi viðkomandi sveitarfélaga var hluti af líkaninu til að geta svarað fyrri tveimur rannsóknarspurningunum (Tafla 10.3). Ekki var gott yfirlit yfir þá í myndinni og því sett fram tafla yfir þá sem mældust marktækir gagnvart íbúafjölda til einföldunar fyrir lesendur (Tafla 6.1). Stærð stuðulsins og t-gildi hafa síðan verið sett fram hér, raðað eftir stærðum t-gildanna. Þar sést m.a. að mikilvægi náttúru og friðsældar aukast eftir því sem samfélögin eru fámennari, þar sem formerki stuðulsins er neikvætt. Einnig að friðsældin vegur mun þyngra á þennan hátt en náttúran á stærð stuðlanna og t-gildanna. Á t-gildunum sést að þátttakendur eru meira sammála um að stærð samfélaganna útskýri mikilvægi friðsældarinnar en síður hvað aðgengi að fjölbreyttri


náttúru varðar. Það breytir ekki fyrri niðurstöðu að íbúar fámennra og afskekktara byggða eru meiri náttúruunnendur en þeir sem búa á jaðri borgarinnar.

Þættir í efri hægrí fjórðungnum með hringlaga rauðum punktum gáfu svar við spurningu 1. Það voru þættirnir náttúra og friðsæld. Það er í samræmi við tilgátu Roback (1982). Aðgengi að fjölbreyttri náttúru og friðsæld er það sem útskýrir búsetu í fámennum og afskekktum samfélögum eins og t.d. í Árneshreppi á Ströndum. Það kemur ekki á óvart en áhugavert er að sjá þetta svo greinilega í gögnunum. Af þessu má því segja að íbúar þessara samfélaga séu mjög ánægðir með úrval náttúru þar sem þeir búa og þá kyrrð og ró sem þar er, en þeir þættir eru líka mjög mikilvægir fyrir áframhaldandi búsetu þeirra. Þegar kemur á jaðar höfuðborgarsvæðisins er staða þessara þátta verri en öllum er meira sama en íbúum fámennra og afskekktara byggðarlaga. Hér er þó gott að rifja upp að staðalfrávikid fyrir stöðu beggja þessara þátta var lágt og því er ekki mikill munur á milli svaranna en þá kannski enn athyglisverðara að þetta mælist marktækt í aðhvarfsgreiningunni því lítil breytileiki í gögnum getur valdið ómarktækni.

Athyglisverðir eru bláu þríhyrningarnir í fjórðungnum hægra megin uppi. Þar snýst samband stöðu búsetuskilyrðanna og íbúafjölda við, þannig að hún batnar eftir því sem samfélögin stækka (Mynd 6.1). Þar sem einnig er marktækt samband á milli stöðu og mikilvægis búsetuskilyrðanna þá er líka samband á milli stærðar samfélaganna og mikilvægis viðkomandi búsetuskilyrðis. Þetta á við um þættina fatlaðir, menning, útlendingar, gæði framhaldsskóla (framhskgæði), bókasöfn og tónlistarskóli. Þetta segir okkur að íbúar afskekktara fjölmennra samfélaga eru ánægðir með þessa þætti og þeir skipta þá miklu máli fyrir framtíðarbúsetu þeirra á meðan íbúar á jaðarsvæði höfuðborgarinnar eru óánægðari með þá en það hefur hins vegar minni áhrif á framtíðarbúsetu þeirra. Að einhverju leyti getur minni næmni seinni hópsins gagnvart framtíðarbúsetu stafað af því að höfuðborgarsvæðið er ríkulega búið þáttunum sem um ræðir og frekar auðvelt að nýta þá þar en það verður varla sagt um þjónustu við innflytjendur og jafnvel bókasöfn og þjónustu við fatlaða. Það er hins vegar auðveldara að sjá fyrir sér íbúa jaðarsvæðanna sækja sér menningu, framhaldsskóla og tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðið ef þeir eru ekki ánægðir með þá í sínu eigin samfélagi.

Einnig má benda á tvo þætti þar sem fer saman ánægja með þættina almennt öryggi og gott mannlíf eftir því sem fjær dregur borginni og mikilvægi þessara þátta fyrir framtíðarbúsetu. Þetta er líka í samræmi við kenningar Roback (1982). Hins vegar er ekki marktækur munur hvort þau samfélög eru fjölmenn eða fámenn. Það þýðir að fólk sé jafn öruggt í stórum sem litlum afskekktum byggðarlögum. Sama gildir um mannlífið. Á jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins eru menn óánægðari með þessa þætti en jafnframt meira sama. Það er ekki líklegt að þeir geti sótt sér meira öryggi til höfuðborgarsvæðisins. Rifjum aftur upp að öryggi er andhverfa t.d. glæpa. Tvær mögulegar ástæður eru fyrir því. Í fyrsta lagi hefur glæpatíðni mælst einna hæst á höfuðborgarsvæðinu (Vífill Karlsson, 2004, bls. 263-270). Í öðru lagi verður öryggi ekki svo auðveldlega sótt til nágrennasamfélagsins eins og hver önnur þjónusta. Sama mætti segja um gott mannlíf en þó má segja að ef gott mannlíf tengist góðum vinum, fjölskyldu og vinsamlegu fólki á förnum vegi þá er vel mögulegt að nálgast gott mannlíf til annarra nálægra samfélaga eins og höfuðborgarsvæðisins. Ef vont mannlíf (andhverfa góðs mannlífs) er rakið til flokkadrátta, kjaftagangs (slúðurs), eineltis og þess háttar þá er erfiðara að skjóta sér undan því til annars samfélags en þó hugsanlegt. Af þeim sökum gæti skeytingarleysi varðandi þann þátt verið útskýrður með því. Það á sérstaklega við um þá sem sækja vinnu eða skóla daglega til höfuðborgarsvæðisins.

Svar við annarri spurningu er hins vegar að finna í fjórðungnum hægra megin niðri (Mynd 6.1). Þar standa þættirnir grunnskóli, unglingastarf og leikskóli. Þarna myndast jákvætt samband á milli mikilvægis og stöðu búsetuskilyrðanna en neikvætt samband fjarlægðar frá Reykjavík og stöðu þessara þátta (og þar með mikilvægi). Þarna snýst túlkunin því við. Íbúar á jaðri höfuðborgarsvæðisins eru ánægðir með þessa þætti og telja þá skipta miklu máli fyrir framtíðar búsetu sína en þeir sem búa fjær eru óánægðir með þá og jafnframt miklu meira sama. Takið eftir því að þríhyrningarnir eru glærir og niðurstaðan á því bæði við um fámenn og fjölmenn samfélög í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Takið einnig eftir, að staðalfrávik er hærra við þessa þætti en náttúrugæði og friðsæld og reyndar með þeim hæstu af þáttunum 40 (Tafla 5.2). Aldursdreifing kann að útskýra þetta að hluta til eða öllu leyti. Aðhvarfsgreiningin bendir hins vegar ekki til þess, þar sem leiðrétt var fyrir aldri þátttakenda (Tafla 10.3). Samkeppnisforskot og seglar jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins gagnvart afskekktu byggðunum felast því í góðum grunnskólum, unglingastarfi og leikskólum þegar horft er til þeirra 40 þátta sem spurt var um.



Mynd 6.2 T-gildi mikilvægis þátta og fjarlægðar frá Reykjavík

Til nánari glöggvunar var t-gildum mikilvægis og fjarlægðar frá Reykjavík stillt upp myndrænt (Mynd 6.2) en þau er annars að finna í viðauka (Tafla 10.3). Almennt má segja að tölugildi t-gildisins þurfi að vera hærra en 2 til að teljast marktækt. Allir þættirnir sem rötuðu þarna inn töldust marktækir við a.m.k. 10% marktæktarkröfu (flestir standast þó 5% marktæktarkröfu) bæði gagnvart mikilvægi og fjarlægð í senn. Þá sést að þættirnir náttúra, gott mannlíf og friðsæld eru mjög marktækir fyrir bæði mikilvægi og fjarlægð. Bókasöfn eru að vísu marktækari en náttúra, gott mannlíf og friðsæld gagnvart mikilvægi en ómarktækari gagnvart fjarlægð frá Reykjavík. Aftur á móti sjáum við þáttinn fatlaðir vera nokkuð áþekkan náttúru, góðu mannlífi og friðsæld í marktækni er varðar fjarlægð frá Reykjavík en miklu ómarktækari gagnvart mikilvægi. Það þýðir



að staðan á þeim þætti er mjög marktækt betri eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu en meiri óvissa er varðar það hvort þeir sem eru ánægðir með þjónustuna telja hana að sama skapi mjög mikilvæga fyrir framtíðarþúsetu sína.

## 6.2 SKILABOÐ FRÁ ÍBÚAÞINGUM

---

Greining á gögnum frá íbúaðingum, tengjast annarri rannsóknarspurningunni:

- 2 Benda skilaboð íbúa í fámennum, fjarlægum og e.t.v. einangruðum samfélögum á Íslandi, um mikilvægi snyrtilegs umhverfis og fallegrar ásýndar, til tengingar við hugmyndir um hamingju og gott samfélag?

Fyrst skal litið á hvernig fléttast saman skilaboð um náttúrufergurð og -gæði og hugmyndir um lífs-gæði.

### Náttúran

Þegar skoðað er hvaða sýn birtist gagnvart náttúrufergurð og -gæðum, kom oft fram að náttúrufergurð sé mikilvægur þáttur í lífsgæðum íbúa. Þetta má sjá í setningum á borð við: „*Náttúrufergurð svæðisins nýtur sín, hafið, fjöllin, fuglarnir og kyrrðin.*“ Og eins og fulltrúar grunnskólanema á einu þinganna sögðu: „*Náttúran er frábær allt í kringum þorpið, allur hreppurinn okkar er mjög fallegur og einstakur. Okkur finnst að það eigi að fara vel með náttúruna í öllum hreppnum.*“

Í sumum tilvikum var kallað eftir verndun einstakra svæða eða stofnun eða eflingu þjóðgarðs.

Þess má geta að nánast undantekningarlaust á þessum tíu þingum, fylgdu hugmyndum um nýtingu náttúruauðlinda til atvinnusköpunar, skilaboð um að það þyrfti að gerast með sjálfbærum hætti og mætti sem minnstu spilla.

Hér eru tvö dæmi: „*Jarðhiti er nýttur í margvíslegum tilgangi og sjálfbær framleiðslustarfsemi byggir á náttúruauðlindum svæðisins.*“ Og um ferðaþjónustu: „*Við höfum borið gæfu til að varðveita fortíðina og náttúruna, jafnframt réttri skipulagningu og markaðssetningu svæðisins í ferðaþjónustu án yfirgangs og eyðileggingar.*“

### Manngerða umhverfið í bæ og sveit

Á öllum íbúaðingunum kom fram mikill metnaður fyrir falgri ásýnd, góðri umgengni og snyrtimennsku. Eins og sést á þessari tilvitnun: „*Allir eru samstíga í því að leggja metnað í umhverfi og ásýnd. Bærinn er snyrtilegur og fallegur og vel hirtur gróður skapar fallegan og vinalegan bæ.*“ Einhverjir lýstu draumi um að viðkomandi sveitarfélag yrði í fararbroddi á landsvísu sem umhverfisvænt.

Einnig var lögð áhersla á fallegar byggingar, viðhald eldri húsa og að gera sögu staðarins skil í hinu manngerða umhverfi. Og ekki myndi spilla ef húsin væru litrík.

„*Þetta er orðinn gróinn og litríkur bæ og umhverfið fallett. Þess hefur verið gætt að byggja fallega og halda í sögu staðarins og bærinn er snyrtilegur og til fyrirmyndar.*“

Og þau voru fjölmörg, dæmin sem sýndu áherslu á fallett og snyrtilegt umhverfi:

*„Sé ég fallett þorp með falleg hús, malbikaðar götur og snyrtilega garða.“* Eða: *„Húsin í þorpinu glaðleg á litinn. Blómaker víða um þorpið.“* Samspilið milli fallettrar ásyndar og góðrar umhirðu var áberandi, eins og sést á eftirfarandi tveimur tilvitnunum: *„Tek eftir að húsin eru vel hirt og garðarnir í kringum þau snyrtilegir.“* *„NN að dytta að fallegu plöntunum sínum í garðinum.“*

Oft var áherslan á fegurð einnig tengd hugmynd um friðsæld: *„Ég sé bara fegurðina, friðinn, falleg lítil hús fyrir okkur eldri borgara. Blóm og tré.“*

Víða kom fyrir tilvísun í nýtingu náttúrulegra byggingarefna, sem þátt í að skapa aðlaðandi umhverfi og staðaranda: *„Baðstaður sem er sem náttúrulegastur, úr grjóti og torfi“.*

Þá mátti iðulega sjá skilaboð um metnað í umhverfismálum, m.a. í atriðum sem snúa að sveitarféluginu: *„Allt svo hreint. Gámasvæðið fallett og allt frárennsli til fyrirmyndar.“*

Loks má nefna að áhersla á aðlaðandi ásynd og umhverfi, virtist eiga jafnt við í þorpum og sveitum, að mati þátttakenda, eins og fram kemur hér: *“Í sveitum er farið að bera á aukinni skógrækt.”* *„Ég sé grænar sveitir og falleg býli.“*

### **Forgangsröðun**

Öllum íbúáþingunum lauk með því að þátttakendum var boðið að forgangsráða þeim málefnum sem rædd höfðu verið í þá tvo daga sem þingið stóð, eins og fram kom í Kafla 5, hér á undan. Fjöldi málefna og yfirskriftir réðust af þeim umræðuefnum sem þátttakendur höfðu stungið upp á. Þetta skýrir breytileg heiti málaflokka í töflunni hér á eftir.

Tafla 6.2 sýnir mat þátttakenda á vægi umhverfismála á öllum tíu þingunum, þ.e. sæti í forgangsröðun, með hliðsjón af fjölda málefna sem rædd voru á þinginu.

Í fremsta dálkinum, „Sæti“, kemur fram í hvaða sæti málefni tengt umhverfismálum raðaðist af öllum þeim málefnum sem rædd voru. Dálkurinn „Af“ sýnir fjölda málefna sem rædd voru á viðkomandi þingi. „Vægi“, sýnir sæti umhverfismálefnis sem er einkunn á skalanum 0 – 10 þar sem 0 gaf málefni sem um ræðir minnsta vægi allra málefna sem rædd voru á viðkomandi þingi og 10 gaf mest vægi og reiknað svona:

$$Vægi = \left( \frac{(Af - Sæti)}{(Af - 1)} \right) \times 10$$

Þá kemur heiti málefnis. Eins og sjá má, kom fyrir að umræðuefnum var slegið saman, þegar ekki var nægilegur tími á viðkomandi þingi til að ræða öll þau málefni sem stungið hafði verið uppá.

Í aftasta dálki, „Staður og ár“, kemur fram hvar þingið var haldið og hvaða ár.

Þannig var stungið upp á málefninu „Langtímastefna og sjálfbærni“ á íbúáþingi á Þingeyri, sem haldið var árið 2018 (Tafla 6.2, 6. lína). Í heild voru þar rædd 22 málefni og þetta mál varð í 8. sæti, þegar öllum málum var forgangsráðað. Það fær því vægið 6,3 af tíu.

Einungis er tekið tillit til þess umhverfismálefnis sem raðaðist efst í forgangsröðun. Í því sambandi má nefna að á öllum þingunum var stungið upp á umræðu um umhverfismál eða tengd mál, allt

frá einu til þriggja málefna á hverju þingi. Að auki var á tveimur þingum stungið upp á umræðu um ímynd, sem í báðum tilvikum varð neðar í forgangsröðun en málefnið „umhverfismál“.

Tafla 6.2 Umhverfismál samkvæmt forgangsröðun á íbúáþingum

Sæti	Af	Vægi	Málefni	Staður og ár
5	25	8,3	Þjóðgarður + verðmiði á ósnortna náttúru	Strandabyggð, 2020
4	17	8,1	Umhverfismál	Bakkafjörður, 2019
5	20	7,9	Umhverfismál	Vesturbyggð, 2016
8	23	6,8	Hafnar- og ruslasvæði	Grímsey, 2016
8	22	6,7	Ásýnd, umhverfi, markaðssetning og umfjöllun	Borgarfjörður eystri, 2018
8	20	6,3	Langtímastefna og sjálfbærni	Þingeyri, 2018
8	15	5,0	Umhverfismál	Súðavíkurbreppur, 2017
11	20	4,7	Útlit og gróðurfar	Vopnafjarðarhreppur, 2016
16	19	1,7	Flokkum „rusl“	Öxarfjarðarhérað, 2016
13	13	0,0	Lífrænt vottað (sauð)fé	Árneshreppur, 2017

Þegar forgangsröðun allra málaflokka á þessum tíu þingum er skoðuð, kemur í ljós að atvinnumál og grunngerð koma í öllum tilvikum á undan umhverfismálum, í þessari röð:

- Atvinna
- Samgöngur
- Fjarskipti
- Húsnæði

Þar á eftir raðaðist svo grunnþjónusta, eins og t.d. skóli og verslun.

### Aðlaðandi umhverfi, gott samfélag og hamingja

Það vekur athygli í afrakstri úr ferðalagi inn í framtíðina, hversu oft kom fram tenging í hugum fólks milli aðlaðandi ásýndar og tilfinningar fyrir góðu samfélagi og hamingju.

Hér koma nokkur dæmi:

*„Hér er sól og birta, börn að leik, friðsæld, fegurð, ánægt fólk, gleði, hamingja og líf.“*

*„Götulífið fullt af glöðum börnum með gjarðir og prik.“*

*„Samheldið samfélag. Fallegur og snyrtilegur bær. Ungt fólk við leik og störf.“*

*„Bjart, sól. Fólk á ferð. Vingjarnleika, fólk að heilsast og spjalla. Hreint land. Snyrtilegt umhverfi. Iðandi mannlíf. Malbikaðar götur. Jákvæðni. Ungt fólk og börn í kerrum.“*

*„Grösug sveit, tré og blómlegt mannlíf. Hlátur og brosandandi andlit, hamingja og bjart yfir öllum.“*

*„Fólk er á ferð á götunum, sólin skín í heiði og bjart yfir.“*

Skilaboð sem þessi, komu fram á öllum íbúáþingunum og voru svo afgerandi að hægt er að tala um rauðan þráð.

Þess skal þó getið að á hverju þingi voru einn til tveir þátttakendur, sem ekki sáu fyrir sér bjarta framtíð. Sem dæmi má nefna setninguna: „Ég sá bara þoku“. Í einhverjum tilvikum fylgdu slíkum skilaboðum ákall til stjórnvalda um aðgerðir til að styðja við byggðarlagið.

Skilaboð um áherslu á fallett umhverfi og aðlaðandi ásýnd reyndust þó nægilega afgerandi og almenn til að hægt sé að svara spurningunni játandi. Einnig fellur forgangsröðun málefna að þeirri niðurstöðu Florida (2008, bls. 163) að grunnþjónusta annars vegar og fagurfræði hins vegar, vegi þyngst við val fólks á stað til búsetu.

Greining á gögnum frá íbúáþingum, sýnir að umhverfi og aðlaðandi ásýnd heimabyggðar skiptir íbúa miklu máli, svo frammarlega sem grunnþjónusta er til staðar. Hér vekur það athygli – og styður þessa niðurstöðu, að í þeim byggðarlögum þar sem brún þörf var fyrir að bæta úr innviðum eða grunnþjónustu, t.d. samgöngum eða verslun, kom fram heldur minni áhersla á umhverfismál og ásýnd, en þau engu að síður talin mikilvæg. Dæmi um þetta er forgangsröðun málefna í Árneshreppi, þar sem hugmynd um lífrænt vottað (sauð)fé, var eina umhverfismálið til umræðu og það varð neðst í forgangsröðun. Efst voru samgöngur og atvinnu- og skólamál röðuðust einnig ofarlega. Svipað var uppi á teningnum á Borgarfirði eystri. Þar hlaut málefnið „verslun og þjónusta“ lang flesta punkta í forgangsröðun, en á þeim tíma var ekki verslun á staðnum.

Svo virðist sem bein hugræn tengsl séu milli ásýndar og tilfinningar fyrir góðu samfélagi og hamingju. Þetta birtist t.d. í setningunni: „*Alls staðar er fallett umhverfi og bærinn iðandi af brosandí mannlífi*“.

Í gögnunum eru þátttakendur íbúáþinganna að vísa til framtíðar. Til „framtíðardrauma“. Ef til vill má líta á skilaboðin sem vísbendingu um þá afstöðu íbúanna að umhyggja fyrir umhverfi og ásýnd geti skipt sköpum fyrir framtíð byggðarlagsins.

Niðurstaðan er sú að áhersla sveitarfélaga, fyrirtækja og íbúa á snyrtimennsku og að hlúa að sínu nánasta umhverfi, getur aukið ánægju íbúanna, styrkt ímynd og bætt samkeppnisstöðu. Í þessu geta falist sóknarfæri, ekki síst fyrir fámenn byggðarlög.

Við vitum að margt mun breytast eftir Covid-19, en við vitum ekki hvað mun breytast, eða hvernig. Aðeins að það verða breytingar. Vera má að fólk muni sækja út úr borgarumhverfi og í minni byggðarlög eða dreifbýli. Aukin reynsla og möguleikar í fjarvinnu hefur gert það að raunhæfum valkosti að búa fjarri vinnustað. Hvað sem verður, þá skiptir máli fyrir byggðarlög að styrkja samkeppnisstöðu sína og þá væri það sterkur leikur að leggja sérstaka rækt við umhverfið og ásýndina.

En það er ekki einungis samkeppnisstaðan sem er í húfi, heldur lífsgæði og hamingja þeirra sem nú búa á staðnum og að þau geti verið stolt af heimabyggðinni. Það hljóta að teljast mikil verðmæti.

Eða með orðum þátttakanda á íbúáþingi:

„*Það er mannlíf á götunum og allir aldurshópar eru sýnilegir. Fólk er gangandi, sumir á leið úr og í vinnu. Fólk heilsast og spjallar og er vingjarnlegt. Það er líf og fjör á miðplássinu. Sól skín í heiði og það er bjart yfir, ríkir jákvæðni og gleði, sátt og samlyndi, ekkert stress og enginn er einmana.*“

## 7 UMRÆÐA OG VANGAVELTUR

---

Það má segja að niðurstöðurnar hafi alveg verið í samræmi við væntingar er varðar minnstu og einangruðustu samfélögin hvað varðar aðdráttarafl. Þar eru einstaklingar sem meta friðsæld og villta náttúru það mikils að þeir geta ekki hugsað sér að búa annars staðar í samanburði við það sem þeir staðir hafa upp á að bjóða. Þetta styður m.a. túlkun Richards Florida (2008, bls. 157) á niðurstöðum stórrar íbúakönnunar í Bandaríkjunum, könnunin „heimabær og hamingja“, og minnst var á hér í inngangi, að meirihluti mannkyns er mjög ánægður að búa þar sem það býr.

Á óvart kom að hægt var að greina sérstöðu „einangraðra“ stórra samfélaga eins og t.d. Ísafjarðar, Sauðárkróks og Vestmannaeyja þar sem þjónusta við fatlaða, menning, þjónusta við útlendinga, gæði framhaldsskóla, bókasöfn og tónlistarskóli eru seglarnir í samanburði við önnur svæði. Það má segja að þættirnir þjónusta við fatlaða, menning, þjónusta við útlendinga, gæði framhaldsskóla, bókasöfn og tónlistarskóli veiti þessum landsvæðum samkeppnisforskot á önnur landsvæði. Þeir íbúar sem ílendast þar eru bæði mjög ánægðir með þessa þætti þar sem þeir búa og leggja að sama skapi mikið upp úr því að þeir séu í lagi. Vissulega eiga þessar niðurstöður líka við um millistór einangruð samfélög eins og Blönduósbæ en ekki í eins ríkum mæli. Það kom einnig á óvart að hægt væri að greina segla stórra samfélaga á jaðri höfuðborgarsvæðisins eins og Selfoss, Akraness og Reykjanesbæjar. Það voru þættirnir unglingsstarf, leikskóli og grunnskóli.

En af hverju er menntaskóli svona mun mikilvægari stórum einangruðum samfélögum en stórum samfélögum í túnfæti borgarinnar? Það gæti verið vegna þess að auðvelt er fyrir nemendur á Selfossi, Akranesi og í Reykjanesbæ að stunda nám við framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu án þess að hleypa heimdraganum á meðan. Það er ekki gert eða miklu síður frá Ísafirði, Vestmannaeyjum og Sauðárkróki, hvað svo sem síðar verður út af reynslu okkar af fjarnámi við COVID-aðstæður. Það sama gæti gilt um tónlistarskóla en ekki um grunnskóla og leikskóla.

Það má því segja að fjölmennari svæði utan höfuðborgarsvæðisins höfði til fólks með börn og e.t.v. menningarsinnuðu fólki, meðan fámennari svæðin höfði til náttúruunnenda og þeirra sem kjósa kyrrð og ró. Gott mannlíf og öryggi eru síðan sameiginlegir seglar fjarlæggra samfélaga og einangraðra óháð stærð þeirra m.t.t. íbúafjölda.

Greining á skilaboðum frá íbúáþingum bendir til þess að fallett umhverfi og aðlaðandi ásýnd skipti fólk hugsanlega meira máli en gjarnan virðist hafa verið talið. Þetta eigi ekkert síður við á fámennum, fjarlægum og e.t.v. einangruðum stöðum en á þeim stærri. Einnig virðist ríkjandi sú ósk að þegar nýta á náttúruna í atvinnusköpun, þá ætti það helst að gerast með sjálfbærum hætti eða að raska sem minnstu, sé það mögulegt. Greina má undantekningu frá þessari afgerandi áherslu á umhverfi og aðlaðandi ásýnd, þegar mikilvægir þættir í innviðum eða grunnþjónustu eru ekki til staðar, eins og fram kom hér á undan. Engu að síður virðist þessi þáttur skipta fólk máli, hvar sem það býr. Og hann er afgerandi, draumur fólks um aðlaðandi umhverfi, sólríka daga, lífandi mannlíf, gott samfélag og hamingju þeirra sem þar búa.

Sama hugmynd endurspeglast í hugtakinu „blómleg byggð“, sem kemur mjög oft fyrir í því sem þátttakendur á íbúáþingum skrifuðu að loknu ferðalagi inn í framtíðina.

Til gamans má nefna að fegurðarskyn er breytilegt í tíma og rúmi. Á árum áður, þegar voru malargötur í öllum þorpum og hugmyndin um að rækta tré þótti jafnvel fráleit, var fegurðarskyn e.t.v. frekar tengt nytjahyggi. „Það er fallett við Breiðafjörðinn þegar vel fiskast“, urðu fleyg orð í sjávarþorpi um miðja síðustu öld. Í velsæld nútímans, ríkja önnur gildi og forgangsroðun.

Forsendan um að atvinnu og e.t.v. ákveðna grunnþjónustu þurfi áður en íbúarnir fari að huga að þáttum eins og góðu mannlífi, aðgengi að fjölbreyttri náttúru og öðru skynvirði í gögnum íbúðinganna rímar að hluta til við gögn íbúakönnunarinnar. Íbúakönnunin var gerð á þeim tíma þar sem nóg atvinna var í landinu og þess vegna má segja að niðurstaðan byggi á þeirri forsendu að allir hafi næga atvinnu. Þeir fáu sem voru ekki sáttir við vinnumarkaðinn á staðnum voru líklegri til að hugsa sér til hreyfings og flytja brott eins og kom fram í annarri greiningu á þeim gögnum (Vifill Karlsson, 2020). Því má kannski líka segja að vinnumarkaðstengdir þættir séu fælingarafl eða ýtikraftur eins og stundum er kallað á sviði rannsókna í byggðamálum á meðan náttúran og aðrir tilsvarendi þættir sem hér er um fjallað séu togkraftar og því kallaðir seglar eða þættir sem halda í fólk og/eða laðar það að tilteknum stöðum. Undirstrikað skal að í greiningunni á gögnum íbúakönnunarinnar var verið að einbeita sér að því hvort finna mætti eitthvað landfræðilegt mynstur í togkröftum á 40 fyrirfram skilgreindum búsetuskilyrðum og eitt af því sem þar kom fram var áhugavert mynstur er varðar ýmis skynvirði. Meðal annars að nálægð við fjölbreytta náttúru skipti íbúa í fámennum einangruðum fámennum samfélögum meira máli en fjölmennum samfélögum á jöðrum höfuðborgarsvæðisins. Í greiningu á gögnum íbúðinganna var hins vegar verið að skoða viðhorf íbúa í byggðum sem haft hafa vindinn í fangið, hvað varðar íbúðarþróun, um langt árabil. Horft var á hvort svipuð skynvirði og þau sem íbúakönnunin nær til, skiptu yfirleitt máli, þegar hugsað var til allra mögulegra málefna sem íbúar töldu mikilvæg fyrir jákvæða framtíðarþróun. Sérstaklega var litið til aðlaðandi umhverfis og fallegrar ásýndar.

Niðurstöður sýna afgerandi samsvörun milli íbúakönnunarinnar og skilaboða íbúðinganna. Skynvirði er mjög mikilvægur þáttur varðandi búsetu og virðist vera eitt af því sem stuðlar að hamingju íbúa, þar sem þeir kjósa að búa.

## 8 NIÐURSTÖÐUR OG STEFNA STJÓRNVALDA

---

Stjórnvöld gætu nýtt sér þessar niðurstöður í að móta áherslur t.d. í byggðaaætlun, menntamálum og jafnvel skipulags- og umhverfismálum. Þjónusta við börn er segull á marga íbúa og skiptir hlutfallslega mestu máli í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins á meðan fjölbreytt náttúra og kyrrð og ró eru seglar strjálbýlis. Staðbundin sérstaða og samkeppnisforskot byggða sem nefnd voru hér að ofan ætti að varðveita eftir megni ef standa á vörð um fjölbreytni. Það er vegna þess að íbúar landsins eru ólíkir og hætt við að sumir flyttu af landi brott ef þeir fyndu ekki sína kjör búsetu.

Vissulega skal sótt fram á ákveðnum sviðum en halda í og byggja ofan á þá þætti sem renna nú þegar stoðum undir samkeppnisforskot tiltekinna landsvæða.

Fyrir staðbundin stjórnvöld gefa niðurstöðurnar um hvaðan samkeppnisforskot byggðanna kemur, til kynna hvaða áherslur ættu að liggja til grundvallar, varðandi þær upplýsingar sem haldið er á lofti fyrir byggðina. Upplýsingaskortur er oft rótin að óeðlilegri þróun og óheppilegri ákvarðanatöku. Færð hafa verið rök fyrir því að upplýsingaskortur hafi haft sín áhrif á byggðaþróun hérlendis. Þess vegna gætu sveitarfélög lagt sig fram um að veita góðar og haldbærar upplýsingar um það sem núverandi íbúar telja best í „fari“ byggðarinnar og styður við velferð þeirra. Það er mikilvægt bæði fyrir núverandi og mögulega tilvonandi íbúa að vita hver sérstaða byggðarinnar er. Þannig skapast betri forsendur fyrir byggðaþróun sem væri grundvölluð á þeim skilyrðum sem flestir telja æskileg um ákvarðanatöku fólks sem varðar velferð þess til lengri og skemmri tíma. Þetta þyrfti því að draga fram í kynningarefni um sveitarfélög hvort sem það er prentað í bæklingum, á netinu eða í fjölmiðlum.

Líkt og í pælingum Ahumada og féлага (2020) þá ættu þessar niðurstöður að geta stutt við ákvarðanatöku ríkis og sveitarfélaga í forgangsröðun á verkefnum sveitarfélaga og fjárveitingum til þeirra. Þegar horft er til byggðafestu ætti áherslan því að vera meiri á varðveislu náttúruminja og standa vörð um friðsæld, öryggi og gott mannlíf í fjarlægum og fámennum samfélögum en þeim fjölmennari. Áherslan í þeim fjölmennari ætti á þennan hátt að vera meiri á þjónustu við börn heldur en í þeim fámennari. Í fjölmennari og fjarlægari samfélögum ætti áherslan að vera meiri á framhaldsskóla, tónlistarskóla, bókasöfn, menningu almennt, þjónustu við innflytjendur og fatlaða heldur en í samfélögum á jaðri höfuðborgarsvæðisins. Áhersla síðarnefnda hópsins ætti að vera á grunnskóla, unglिंगastarf og leikskóla.

Skilaboð frá íbúabíngum, þar sem lítið er til framtíðar, sýndu að snyrtilegt umhverfi og falleg ásýnd skiptir fólki máli. Þetta fellur að niðurstöðum Florida (2008) úr viðamikilli rannsókn hans í Bandaríkjunum um „Heimabyggð og hamingju“. Niðurstöðurnar eru þær, að svo framarlega sem grunnþjónusta eins og skólar, heilbrigðisþjónusta, framboð húsnæðis á viðráðanlegu verði og innviðir eins og samgöngur séu í lagi, þá komi aðlaðandi ásýnd næst þar á eftir í mikilvægisröð.

Þetta þýðir að snyrtilegt umhverfi og aðlaðandi ásýnd, getur mögulega skipt sköpum varðandi búsetuval fólks og því styrkt stöðu sveitarfélaga í samkeppni um íbúa. Gildir þá einu hvort byggðarlagið er stórt eða lítið. Þessi þáttur er að mestu leyti í höndum sveitarfélaganna og má líta á þessar vísbendingar sem hvatningu til þeirra um að setja umhverfi og ásýnd framarlega þegar kemur að forgangsröðun á fjármunum og framkvæmdum. Í því sambandi má minna á, að með hugmyndaauðgi er hægt að gera ýmislegt, án þess að af því hljótist endilega mikill kostnaður.

Aðlaðandi umhverfi og ásýnd eykur ekki aðeins ánægju íbúa, heldur getur verið einstaklingum og fyrirtækjum hvatning til að gera vel í sínu umhverfi og átt þátt í jákvæðri ímynd út á við. Skipulagsvaldið er það tæki sveitarfélaganna sem þau geta nýtt markvisst til að skapa umhverfi sem stuðlar að útivist, samveru og iðandi mannlífi. Þar gefst líka tækifæri til að hafa íbúa með í ráðum strax á fyrstu stigum, sem í sjálfu sér hefur jákvæð samfélagsáhrif.



## 9 SAMANTEKT

---

Vöxtur þéttbýlis hefur verið mjög hraður á Íslandi um langt árabil og svo mikill að sumir telja fámennustu og einangruðustu byggðir leggjast brátt af víða úti á landi. En byggð er samt undur lífseig á fámennum, einangruðum stöðum. Fræðilega hefðu sumar þeirra átt að leggjast af fyrir löngu t.d. vegna hugmyndafræðinnar um krítískan massa. Fólk býr samt á óvenju fámennum og einangruðum stöðum og því stundum haldið fram að það sé þar lokað inni og beri að veita aðstoð til að flytja brott vegna þeirrar gildru sem það situr í. Ekki er víst að svo sé, heldur að það kjósi einmitt að njóta þess að vera þar sem það býr og hvergi annars staðar, þó svo flestir kjósi að búa í margmenni þar sem mikið er um að vera og „hlutirnir gerast“.

Þess vegna voru eftirfarandi spurningar settar fram:

1. Hvaða þættir halda frekar í og virka sem segull á íbúa fámennra, fjarlægra og e.t.v. einangraðra samfélaga á Íslandi en fjölmennra samfélaga á jaðri höfuðborgarsvæðisins?
2. Benda skilaboð íbúa í fámennum, fjarlægum og e.t.v. einangruðum samfélögum á Íslandi, um mikilvægi snyrtilegs umhverfis og fallegrar ásýndar, til tengingar við hugmyndir um hamingju og gott samfélag?
3. Hvaða þættir eru frekar seglar á íbúa fjölmennra samfélaga á jaðri höfuðborgarsvæðisins en fámennra og einangraðra samfélaga?

Þegar borin voru saman fámenn og einangruð samfélög og fjölmenn samfélög í túnfæti höfuðborgarinnar gaf greiningin til kynna að íbúar fyrrnefndu samfélaganna legðu mikið upp úr því að hafa náttúrugæði nærri sér sem og friðsæld. Þeir eru líka mjög ánægðir með þá þætti þar sem þeir búa og valda því að þeir vilja helst búa á slíkum stöðum. Á sömu svæðum flokkaði fólk líka þættina öryggi og gott mannlíf á sama hátt og náttúrugæði og friðsæld en það gerðu fjölmenn, fjarlæg og einangruð samfélög líka. Öryggi og gott mannlíf renndu því stöðum undir samkeppnisforskot bæði fámennra og fjölmennra einangraðra samfélaga þegar borið var saman við önnur samfélög.

Á þennan hátt má segja að greiningin hafi leitt í ljós að samkeppnisforskot fjölmennra, fjarlægra og einangraðra samfélaga hafi legið í þáttum sem tengjast þjónustu við börn ásamt fáeinum öðrum. Þetta voru þættirnir: Gæði framhaldsskóla, tónlistarskóli, bókasöfn, menning, þjónusta við fatlaða, og þjónusta við útlendinga.

Greiningin gaf einnig til kynna að íbúar fjölmennra byggða á jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins leggja mikið upp úr þjónustu við börn og eru ánægðir með hana þar sem þeir búa, líkt og fjölmennum, fjarlægum og einangruðum samfélögum. Þar eru grunnskóli, leikskóli og unglिंगastarf sérstaklega áberandi. Þetta virðast vera þeir þættir sem slík svæði byggja samkeppnisforskot (eða hlutfallslega yfirburði) á í keppni um íbúana. Fámenn samfélög á jaðri höfuðborgarsvæðisins gerðu það reyndar líka.

Þessar niðurstöður og svör við rannsóknarspurningum 1 og 3, byggja á könnun meðal íbúa á Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra árin 2016 og 2017 þar sem rúmlega 6.000 tóku þátt. Gögnin voru greind með sérhönnuðu aðhvarfsgreiningarlíkani fyrir raðtölur ætluð skoðanakannagögnum.

Til viðbótar við ofangreindar niðurstöður um mikilvægi náttúrugæða í fámennum, fjarlægum og e.t.v. einangruðum samfélögum, benda eigindleg gögn frá íbúapöngum til þess að þar skipti fallett umhverfi og ásýnd, líka miklu máli. Þar finnum við svör við rannsóknarspurningu 2. Þá er ekki aðeins vísað til þess sem er „fallegt fyrir augað“, heldur leiðir það á dýpri mið, til hugmynda fólks um hamingju og gott samfélag.

# 10 VIÐAUKI

## 10.1 BÚSETUSKILYRÐIN 40

Tafla 10.1 Merkingar á þáttum í myndum 5-14 og skilgreining þeirra

<b>Merking í myndum</b>	<b>Áhrifaþáttur - frekari skilgreining</b>
<b>Afpreying</b>	Tækifæri til afpreyingar
<b>Aldraðir</b>	Þjónusta við aldraða
<b>Almsamg</b>	Almenningssamgöngur
<b>Atvinnulausir</b>	Þjónusta við atvinnulausa
<b>Atvinnurekstur</b>	Möguleikar á eigin atvinnurekstri
<b>Atvinnuúrval</b>	Fjölbreytni atvinnulífs
<b>Atvinnuöryggi</b>	Atvinnuöryggi
<b>Barnafólk</b>	Þjónusta við barnafólk
<b>Bókasöfn</b>	Bókasöfn
<b>Elliheimili</b>	Dvalarheimili aldraðra
<b>Farsími</b>	Farsímasamband
<b>Fatlaðir</b>	Þjónusta við fatlaða
<b>Félagsheimili</b>	Félagsheimili
<b>Fjárhagsvandi</b>	Aðstoð við fólk í fjárhagsvanda
<b>Framfærsla</b>	Framfærslukostnaður
<b>Framhsk</b>	Námsmöguleikar á framhaldsskólastigi
<b>Framhsk gæði</b>	Gæði framhaldsskóla
<b>Friðsæld</b>	Friðsæld
<b>Grunnskóli</b>	Gæði grunnskóla
<b>Háskóli</b>	Námsmöguleikar á háskólastigi
<b>Heilsugæsla</b>	Gæði heilsugæslu/sjúkrastofnana
<b>Internet</b>	Nettengingar
<b>Íbúðir</b>	Framboð á íbúðarhúsnæði til sölu
<b>Íþróttir</b>	Tækifæri til íþróttatímstundaiðkunar
<b>Laun</b>	Launatekjur
<b>Leiguíbúðir</b>	Framboð á húsnæði til leigu
<b>Leikskóli</b>	Gæði leikskóla
<b>Mannlíf</b>	Gott mannlíf
<b>Menning</b>	Menningarlíf
<b>Náttúra</b>	Nálægð við fjölbreytta náttúru
<b>Skipulagsmál</b>	Skipulagsmál
<b>Tónlistarskóli</b>	Tónlistarskóli
<b>Umferð</b>	Greið bílaumferð
<b>Unglingastarf</b>	Gæði unglíngastarfs
<b>Útlendingar</b>	Þjónusta við fólk af erlendum uppruna
<b>Vegakerfi</b>	Vegakerfi
<b>Vöruúrval</b>	Vöruúrval/þjónustual
<b>Vöruverð</b>	Vöruverð
<b>Örugg umferð</b>	Umferðaröryggi
<b>Öryggi</b>	Almennt öryggi

## 10.2 LANDSVÆÐI SKILGREIND

Tafla 10.2 Skilgreiningar landsvæða m.t.t. sveitarfélaga og landshluta

<b>Landsvæði skýrslunnar</b>	<b>Sveitarfélag</b>	<b>Landshluti</b>
Skaftafellssýslur	Sveitarfélagið Hornafjörður	Suðurland
Vestmannaeyjabær	Vestmannaeyjabær	Suðurland
Árnessýsla	Sveitarfélagið Árborg	Suðurland
Skaftafellssýslur	Mýrdalshreppur	Suðurland
Skaftafellssýslur	Skaftárhreppur	Suðurland
Rangársýslur	Ásahreppur	Suðurland
Rangársýslur	Rangárþing eystra	Suðurland
Rangársýslur	Rangárþing ytra	Suðurland
Árnessýsla	Hrunamannahreppur	Suðurland
Árnessýsla	Hveragerðisbær	Suðurland
Árnessýsla	Sveitarfélagið Ölfus	Suðurland
Árnessýsla	Grímsnes- og Grafningshreppur	Suðurland
Árnessýsla	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Suðurland
Árnessýsla	Bláskógabyggð	Suðurland
Árnessýsla	Flóahreppur	Suðurland
Norðanverðir Vestfirðir	Bolungarvík	Vestfirðir
Norðanverðir Vestfirðir	Ísafjarðarbær	Vestfirðir
Strandir og Reykhólar	Reykhólahreppur	Vestfirðir
Sunnanverðir Vestfirðir	Tálknafjarðarhreppur	Vestfirðir
Sunnanverðir Vestfirðir	Vesturbyggð	Vestfirðir
Norðanverðir Vestfirðir	Súðavíkurbhreppur	Vestfirðir
Strandir og Reykhólar	Árneshreppur	Vestfirðir
Strandir og Reykhólar	Kaldrananeshreppur	Vestfirðir
Strandir og Reykhólar	Strandabyggð	Vestfirðir
Akranes og Hvalfjörður	Akranes	Vesturland
Borgarfjarðarsvæði	Borgarbyggð	Vesturland
Dalir	Dalabyggð	Vesturland
Snæfellsnes	Eyja- og Miklaholtshreppur	Vesturland
Snæfellsnes	Grundarfjarðarbær	Vesturland
Akranes og Hvalfjörður	Hvalfjarðarsveit	Vesturland
Borgarfjarðarsvæði	Skorradalshreppur	Vesturland
Snæfellsnes	Snæfellsbær	Vesturland
Snæfellsnes	Stykkishólmsbær	Vesturland
Snæfellsnes	Helgafellssveit	Vesturland
Skagafjarðarsýsla	Sveitarfélagið Skagafjörður	Norðurland vestra
Skagafjarðarsýsla	Akrahreppur	Norðurland vestra
V-Húnavatnsýsla	Húnaþing vestra	Norðurland vestra
A-Húnavatnssýsla	Blönduóssbær	Norðurland vestra
A-Húnavatnssýsla	Sveitarfélagið Skagaströnd	Norðurland vestra
A-Húnavatnssýsla	Skagabyggð	Norðurland vestra
A-Húnavatnssýsla	Húnavatnshreppur	Norðurland vestra
Grindavíkurbær	Grindavíkurbær	Suðurnes
Reykjanesbær	Reykjanesbær	Suðurnes
Sandgerði	Sandgerði	Suðurnes
Sveitarfélagið Garður	Sveitarfélagið Garður	Suðurnes
Sveitarfélagið Vogar	Sveitarfélagið Vogar	Suðurnes

## 10.3 NIÐURSTÖÐUR AÐHVARFSGREININGA

Tafla 10.3 Niðurstöður aðhvarfsgreininga

Breytur og próf	Afbreyning	Aldraðir	Almsamg	Atvinnulausir	Atvinnurekstur
Mikilvægi breytunnar	0,0541 (1,52)	0,1192 (3,61)**	-0,0038 (-0,05)	0,0002 (0,01)	0,2723 (7,41)***
Fjarlægð til RVK	0,0018 (3,50)**	0,0013 (1,71)	-0,0029 (-3,40)**	0,0015 (3,14)**	-0,0003 (-0,30)
Mannfjöldi	0,0001 (2,28)**	0,0000 (-0,52)	0,0001 (1,68)	0,0001 (4,01)***	0,0000 (-0,30)
Kyn	0,1235 (2,01)*	-0,0484 (-0,86)	-0,0680 (-1,11)	0,1065 (1,19)	0,1752 (4,11)***
Aldur	0,0150 (6,72)***	0,0107 (6,28)***	0,0150 (6,92)***	-0,0016 (-0,89)	0,0002 (0,10)
Aldur í öðru veldi					
Innflytjendur	0,4365 (3,09)**	0,1129 (0,59)	0,4367 (2,92)**	0,1167 (0,62)	0,1347 (0,99)
Hjúskaparstaða	0,0653 (0,98)	-0,0338 (-0,50)	-0,0174 (-0,18)	0,2001 (2,71)**	0,1443 (2,23)**
Athuganir	4791	4775	4772	4674	4789
F-gildi	6,44	8,95	13,26	4,73	18,93

Breytur og próf	Atvinnuöryggi	Atvinnuúrval	Barnafólk	Bókasöfn	Elliheimili
Mikilvægi breytunnar	0,0997 (2,24)**	-0,0643 (-1,80)*	0,1020 (4,32)***	0,4628 (22,63)***	0,2065 (4,76)***
Fjarlægð til RVK	0,0004 (0,23)	0,0004 (0,32)	0,0000 (0,08)	0,0010 (2,39)**	0,0008 (0,57)
Mannfjöldi	0,0000 (1,71)	0,0001 (3,55)**	0,0000 (-0,53)	0,0001 (3,39)**	0,0000 (0,33)
Kyn	0,2265 (2,95)**	0,0709 (1,23)	0,0558 (0,98)	-0,2886 (-5,48)***	-0,0100 (-0,13)
Aldur	-0,0383 (-2,74)**	0,0016 (0,62)	0,0046 (2,30)**	0,0080 (4,07)***	-0,0268 (-2,32)**
Aldur í öðru veldi	0,0003 (2,50)**				0,0004 (3,31)**
Innflytjendur	0,2322 (1,25)	0,3251 (2,73)**	-0,0413 (-0,42)	-0,2052 (-1,07)	0,3638 (1,78)*
Hjúskaparstaða	0,0614 (1,02)	-0,1345 (-1,99)*	0,2043 (2,75)**	0,1427 (1,65)	-0,1009 (-1,08)
Athuganir	4788	4830	4718	4792	4760
F-gildi	5,11	2,76	8,63	67,77	8,21

Breytur og próf	Farsími	Fatlaðir	Félagsheimili	Fjárhagsvandi	Framfærsla
Mikilvægi breytunnar	0,0517 (1,33)	0,0662 (1,77)*	0,3737 (10,40)***	-0,0817 (-1,93)*	-0,1655 (-4,30)***
Fjarlægð til RVK	-0,0015 (-2,25)**	0,0022 (2,97)**	0,0006 (0,86)	0,0015 (3,59)**	0,0008 (1,85)*
Mannfjöldi	0,0001 (2,72)**	0,0001 (2,18)**	-0,0001 (-1,16)	0,0000 (0,99)	0,0001 (2,04)*
Kyn	-0,0767 (-1,86)*	0,1069 (1,66)	0,0649 (1,17)	-0,1001 (-1,64)	0,1569 (2,95)**
Aldur	-0,0463 (-3,26)**	-0,0373 (-2,90)**	-0,0430 (-2,22)**	-0,0091 (-4,94)***	-0,0528 (-4,78)***
Aldur í öðru veldi	0,0004 (3,27)**	0,0004 (2,70)**	0,0005 (2,66)**		0,0004 (3,80)***
Innflytjendur	0,4663 (3,38)**	0,1938 (1,50)	-0,1678 (-1,13)	0,1110 (0,59)	-0,0423 (-0,38)
Hjúskaparstaða	-0,0562 (-0,58)	0,0568 (0,77)	0,0627 (1,05)	0,2868 (4,08)***	0,1901 (2,84)**
Athuganir	4812	4702	4736	4671	4738
F-gildi	3,22	4,03	17,34	11,95	5,52

Breytur og próf	Framhsk	Framhskgæði	Friðsæld	Grunnskóli	Háskóli
Mikilvægi breytunnar	0,1612 (5,39)***	0,2502 (9,54)***	0,5824 (13,58)***	0,2809 (8,98)***	0,2213 (8,11)***
Fjarlægð til RVK	0,0010 (1,28)	0,0011 (1,98)*	0,0013 (3,10)**	-0,0012 (-3,26)**	-0,0007 (-0,86)
Mannfjöldi	0,0002 (2,87)**	0,0002 (3,28)**	-0,0001 (-8,37)***	0,0000 (1,36)	0,0001 (3,10)**
Kyn	-0,1876 (-2,20)**	-0,1597 (-2,02)*	-0,2925 (-3,85)***	-0,1332 (-3,13)**	-0,2629 (-3,71)**
Aldur	-0,0245 (-1,85)*	0,0077 (3,53)**	-0,0041 (-2,06)*	0,0034 (1,79)*	0,0075 (2,65)**
Aldur í öðru veldi	0,0003 (2,17)**				
Innflytjendur	-0,3579 (-2,89)**	-0,2030 (-1,38)	-0,4371 (-2,26)**	0,0019 (0,01)	0,4068 (3,54)**
Hjúskaparstaða	0,1363 (1,98)*	0,0484 (0,68)	0,0498 (0,64)	0,0953 (1,24)	0,0373 (0,47)
Athuganir	4780	4676	4824	4741	4780
F-gildi	10,41	23,4	72,53	31,51	23,14

Breytur og próf	Heilsugæsla	Internet	Íbúðir	Íþróttir	Launatekjur
Mikilvægi breytunnar	0,0071 (0,11)	0,0038 (0,10)	-0,1404 (-5,15)***	0,2512 (10,25)***	-0,0010 (-0,02)
Fjarlægð til RVK	0,0003 (0,24)	-0,0016 (-2,27)**	-0,0008 (-1,06)	0,0000 (0,04)	0,0013 (1,32)
Mannfjöldi	0,0000 (-0,38)	0,0001 (2,42)**	0,0001 (2,19)**	0,0001 (2,51)**	0,0000 (0,82)
Kyn	-0,0560 (-0,72)	-0,0899 (-1,42)	0,1040 (1,47)	0,0006 (0,01)	0,5034 (6,28)***
Aldur	0,0165 (6,82)***	0,0025 (1,16)	0,0090 (5,15)***	0,0074 (2,63)**	-0,0086 (-4,19)***
Aldur í öðru veldi					
Innflytjendur	0,1924 (0,91)	0,5048 (4,64)***	0,6262 (5,16)***	0,0546 (0,54)	0,4627 (4,24)***
Hjúskaparstaða	-0,0695 (-1,09)	-0,1829 (-2,12)**	-0,3016 (-4,26)***	0,0419 (0,58)	-0,0370 (-0,61)
Athuganir	4827	4781	4812	4771	4808
F-gildi	14,88	7,63	13,34	19,97	17,8

Breytur og próf	Leiguíbúðir	Leikskóli	Mannlíf	Menning	Náttúra
Mikilvægi breytunnar	-0,0947 (-5,26)***	0,2261 (7,32)***	0,6318 (16,43)***	0,3388 (8,35)***	0,5920 (14,53)***
Fjarlægð til RVK	0,0010 (1,22)	-0,0018 (-3,53)**	0,0015 (3,50)**	0,0022 (3,92)***	0,0017 (3,64)**
Mannfjöldi	0,0001 (2,68)**	0,0000 (1,31)	0,0000 (-0,12)	0,0001 (1,96)*	-0,0001 (-5,01)***
Kyn	0,5362 (9,35)***	-0,1230 (-2,98)**	-0,0247 (-0,39)	-0,1343 (-2,18)**	-0,3410 (-3,80)***
Aldur	0,0182 (10,45)***	-0,0284 (-2,39)**	0,0161 (7,47)***	0,0113 (3,96)***	0,0193 (1,51)
Aldur í öðru veldi		0,0003 (2,52)**			-0,0003 (-2,09)*
Innflytjendur	0,5471 (3,53)**	-0,0824 (-0,68)	0,0383 (0,32)	0,3185 (2,11)**	-0,4392 (-2,26)**
Hjúskaparstaða	-0,3470 (-5,09)***	0,3399 (4,44)***	-0,0428 (-0,50)	0,0428 (0,78)	0,0905 (0,92)
Athuganir	4811	4721	4815	4764	4815
F-gildi	24,81	24,08	51,57	12,51	23,17

Breytur og próf	Skipulagsmál	Tónlistarskóli	Umferð	Unglingastarf	Útlendingar
Mikilvægi breytunnar	-0,0158 (-0,44)	0,4199 (11,80)***	0,1935 (4,69)***	0,2164 (7,05)***	0,1692 (9,02)***
Fjarlægð til RVK	-0,0006 (-0,95)	0,0013 (2,16)**	0,0010 (1,10)	-0,0013 (-1,72)	0,0014 (4,04)***
Mannfjöldi	0,0000 (-1,62)	0,0001 (1,76)*	0,0000 (-0,75)	0,0000 (1,63)	0,0001 (3,93)***
Kyn	-0,0330 (-0,55)	-0,1924 (-2,77)**	0,0265 (0,32)	0,1530 (3,30)**	0,1955 (2,76)**
Aldur	-0,0256 (-1,92)*	0,0111 (5,40)***	-0,0028 (-0,80)	-0,0410 (-2,63)**	-0,0512 (-4,50)***
Aldur í öðru veldi	0,0003 (2,19)**			0,0005 (2,92)**	0,0004 (3,66)**
Innflytjendur	0,2575 (1,63)	-0,1568 (-0,94)	-0,0374 (-0,20)	0,2031 (1,50)	-0,2185 (-0,88)
Hjúskaparstaða	0,0207 (0,38)	0,0582 (0,82)	0,0321 (0,28)	0,0298 (0,32)	0,0928 (1,24)
Athuganir	4717	4726	4792	4665	4686
F-gildi	1,93	22,86	3,83	15,03	108,51

Breytur og próf	Vegakerfi	Vöruúrval	Vöruverð	Öruggumferð	Öryggi
Mikilvægi breytunnar	-0,2527 (-6,21)***	-0,1097 (-1,97)*	-0,1628 (-3,70)**	0,0212 (0,54)	0,4065 (7,14)***
Fjarlægð til RVK	-0,0013 (-1,66)	0,0003 (0,41)	0,0009 (0,84)	0,0011 (1,06)	0,0014 (3,15)**
Mannfjöldi	0,0000 (1,54)	0,0002 (2,12)**	0,0002 (2,56)**	0,0000 (0,48)	0,0000 (0,01)
Kyn	0,0323 (0,63)	0,2043 (2,17)**	0,1492 (2,08)*	0,0427 (0,76)	0,1582 (2,34)**
Aldur	0,0086 (3,02)**	-0,0471 (-3,38)**	-0,0354 (-3,21)**	-0,0404 (-3,51)**	-0,0108 (-5,92)***
Aldur í öðru veldi		0,0005 (3,36)**	0,0004 (3,36)**	0,0004 (3,66)**	
Innflytjendur	0,9344 (6,12)***	0,2244 (1,39)	-0,0751 (-0,66)	0,0850 (0,65)	0,2104 (1,57)
Hjúskaparstaða	-0,1442 (-1,65)	-0,0550 (-0,65)	0,0376 (0,50)	-0,0353 (-0,41)	-0,0496 (-0,70)
Athuganir	4789	4777	4773	4788	4790
F-gildi	13,75	3,3	3,37	1,41	20,29

## Pakkir og upplýsingar um fjármögnun

Höfundar þakka styrk upp á 2.400.000 kr sem Byggðarannsóknasjóður veitti verkefninu. Án hans hefði verkefnið aldrei verið unnið.

# 11 HEIMILDASKRÁ

---

- Ahumada, G., Iturra, V., & Sarrias, M. (2020). We do not have the same tastes! evaluating individual heterogeneity in the preferences for amenities. *Journal of Happiness Studies*, 21(1), 53-74. doi:10.1007/s10902-019-00081-2
- Blomquist, G. C., Berger, M. C., & Hoehn, J. P. (1988). New estimates of quality of life in urban areas. *The American Economic Review*, 78(1), 89-107.
- Brueckner, J. K., Thisse, J.-F., & Zenou, Y. (1999). Why is central Paris rich and downtown Detroit poor?: An amenity-based theory. *European Economic Review*, 43(1), 91-107. doi:[https://doi.org/10.1016/S0014-2921\(98\)00019-1](https://doi.org/10.1016/S0014-2921(98)00019-1)
- Byggðastofnun (2017) Brothættar byggðir. Verkefnislýsing, útgáfa 2.2. júní 2017. Sótt á: [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/verklysings/verkefnislysing-brothaetra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklysings/verkefnislysing-brothaetra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf)
- Byggðastofnun (2017) Brothættar byggðir. Verkefnislýsing, útgáfa 2.2. júní 2017. Sótt á: [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/verklysings/verkefnislysing-brothaetra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklysings/verkefnislysing-brothaetra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf)
- Falck, O., Fritsch, M., Heblich, S., & Otto, A. (2018). Music in the air: estimating the social return to cultural amenities. *J Cult Econ*, 42(3), 365-391. doi:10.1007/s10824-017-9310-4
- Ferreira, S., & Moro, M. (2010). On the Use of Subjective Well-Being Data for Environmental Valuation. *Environmental and Resource Economics*, 46(3), 249-273. doi:10.1007/s10640-009-9339-8
- Florida, R. (2008). *Who's Your City: How the Creative Economy is Making Where to Live the Most Important Decision of Your Life*. New York, Basic Books.
- Gilbert, D. (2006). *Stumbling on Happiness: Think You Know What Makes you Happy?* New York, Knopf.
- Graves, P. E. (1979). A life-cycle empirical analysis of migration and climate, by race. *Journal of Urban Economics*, 6(2), 135-147.
- Hicks, J. R. (1932). *The theory of wages*. New York: Mcmillan.
- Iturra, V. (2018). Amenity decomposition: The role played by firms and workers in explaining spatial wage differences in Chile. *Tijdschrift voor economische en sociale geografie*, 109(4), 542-560.
- Letdin, M., & Shim, H. S. (2019). Location choice, life cycle and amenities. *Journal of Regional Science*, 59(3), 567-585. doi:10.1111/jors.12441
- Maddison, D. (2001). *The amenity value of the global climate*. New York: Taylor & Francis.
- Maddison, D., & Bigano, A. (2003). The amenity value of the Italian climate. *Journal of Environmental Economics and Management*, 45(2), 319-332. doi:[https://doi.org/10.1016/S0095-0696\(02\)00052-9](https://doi.org/10.1016/S0095-0696(02)00052-9)
- Maslow, A.H. (1943). A Theory of Human Motivation. Upphaflega birt í *Psychological Review*, 50, 370-396. Sótt á: <https://psychclassics.yorku.ca/Maslow/motivation.htm>
- Owen, H. (2008). *Open Space Technology: A User's Guide*. San Francisco: Berrett-Koehler.
- Postrel, V. (2003). *The Substance of Style: How the Rise of Aesthetic Value Is Remaking Commerce, Culture, and Consciousness*. New York: HarperCollins.
- Rappaport, J. (2007). Moving to nice weather. *Regional Science and Urban Economics*, 37(3), 375-398. doi:<https://doi.org/10.1016/j.regsciurbeco.2006.11.004>
- Rehdanz, K. (2006). Hedonic Pricing of Climate Change Impacts to Households in Great Britain. *Climatic Change*, 74(4), 413-434. doi:10.1007/s10584-006-3486-5

- Rehdanz, K., & Maddison, D. (2005). Climate and happiness. *Ecological Economics*, 52(1), 111-125. doi:<https://doi.org/10.1016/j.ecolecon.2004.06.015>
- Roback, J. (1982). Wages, rents, and the quality of life. *The Journal of Political Economy*, 90(6), 1257-1278.
- Sigurborg Kr. Hannesdóttir (2016). Öxarfjörður í sókn: Skilaboð íbúðings, janúar 2016. Sótt á: [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/samantekt-oxarfjordur.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/samantekt-oxarfjordur.pdf)
- Sigurborg Kr. Hannesdóttir. (2016). Íbúðing í Vesturbyggð, apríl 2016. Áður birt á vef Vesturbyggðar.
- Sigurborg Kr. Hannesdóttir. (2016). Veljum Vopnafjörð: Stefnuplagg 2016 - 2017; það sem er búið og gert og eftir að gera. Vopnafjarðarhreppur 2016.
- Sigurborg Kr. Hannesdóttir. (2016). Glæðum Grímsey: Skilaboð íbúðings, maí 2016. Sótt á: [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/samantekt-grimsey.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/samantekt-grimsey.pdf)
- Sigurborg Kr. Hannesdóttir. (2017). Þar sem vegurinn endar - eða byrjar?: Skilaboð íbúðings í Árneshreppi, júní 2017. Sótt á: [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/Arneshr/ibuathing-juni-2017-samantekt-arneshreppur\\_aherslulitur.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Arneshr/ibuathing-juni-2017-samantekt-arneshreppur_aherslulitur.pdf)
- Sigurborg Kr. Hannesdóttir. (2017). Súðavíkurreppur - samfélag á tímamótum: Skilaboð íbúðings í Súðavíkurreppi, nóvember 2017. Sótt á: [https://www.sudavik.is/static/files/Utgefid\\_efni/Ibuathing/i-bu-athing\\_2017\\_-\\_nidursto-dusky-rsla.pdf](https://www.sudavik.is/static/files/Utgefid_efni/Ibuathing/i-bu-athing_2017_-_nidursto-dusky-rsla.pdf)
- Sigurborg Kr. Hannesdóttir. (2018). Betri Borgarfjörður: Skilaboð íbúðings á Borgarfirði eystri, febrúar 2018. Sótt á: [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/Borgarfj/borgarfj.-eystri-ibuathing-samantekt.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Borgarfj/borgarfj.-eystri-ibuathing-samantekt.pdf)
- Sigurborg Kr. Hannesdóttir. (2018). Öll vötn til Dýrafjarðar: Skilaboð íbúðings á Þingeyri, mars 2018. [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/Thingeyri/ibuathing-thingeyri-samantekt.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Thingeyri/ibuathing-thingeyri-samantekt.pdf)
- Sigurborg Kr. Hannesdóttir. (2019). Betri Bakkafjörður: Skilaboð íbúðings á Bakkafirði, mars 2019. Sótt á: [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/Bakkafjordur/bakkafjordur-ibuathing-2019-samantekt-lokautgafa-15.mai.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Bakkafjordur/bakkafjordur-ibuathing-2019-samantekt-lokautgafa-15.mai.pdf)
- Sigurborg Kr. Hannesdóttir. (2020). Sterkar Strandir: Skilaboð íbúðings í Strandabyggð, júní 2020. Sótt á: [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/Strandabyggd/samantekt-strandabyggd-m.-forsidu-lok.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Strandabyggd/samantekt-strandabyggd-m.-forsidu-lok.pdf)
- Sjaastad, L. A. (1962). The costs and returns of human migration. *The Journal of Political Economy*, 70(5), 80-93.
- Tiebout, C. M. (1956). A pure theory of local expenditures. *The Journal of Political Economy*, 64(5), 416-424.
- Vífill Karlsson. (2004). *Samgöngubætur og búseta: Áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi*. Borgarnes: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.
- Vífill Karlsson. (2018). *Íbúðakönnun á Íslandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða 19 landsvæða á landsbyggðunum frá Hornafirði í austri að Skagafirði í norðri*. Sótt á: [http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Ibuakonnun\\_2016\\_Allir-landshlutar\\_lokaeintak-2.pdf](http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Ibuakonnun_2016_Allir-landshlutar_lokaeintak-2.pdf)
- Vífill Karlsson. (2020). *The darkest hour is just before the dawn: What are the residential preferences of new rural in-migrants in Iceland and do they differ from those of the*

*traditional farmer?* Sótt á: <http://ssv.is/wp-content/uploads/2020/01/Oll-el-birtir-lokaeintak.pdf>

Vífill Karlsson & Kolfinna Jóhannesdóttir. (2010). Búferlaflutningar kvenna. In I. Hannibalsson (Ed.), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (pp. 235-242). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.